

MÁLÖRVUN

Að læra málið strik fyrir strik

MÁLÖRVUN – AÐ LÆRA MÁLIÐ STRIK FYRIR STRIK

© 2020 dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir

Meðhöfundur: Dr. Gunnar Ólason

Bókaútgáfan Hólar

Netfang: holar@holabok.is

holabok.is

Umbrot: Ásdís Ívarsdóttir prentsmiður

Tölvuteikningar: Ásdís Ívarsdóttir og dr. Gunnar Ólason

Yfirlestur: Hólmfríður Árnadóttir talmeinafræðingur, Inga Huld Sigurðardóttir sérkennari og Hildur Dögg Jónsdóttir

Tilraunakennt af Sigríði Sigmarsdóttur þroskaþjálfara og Ragnheiði Ólafsdóttur grunn- og leikskólakennara

Prentun: Prentmiðlun / Lettland

Styrkt af Rannís 2018



Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda

ISBN 978-9935-490-38-4

Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir

MÁLÖRVUN

Að læra málið strik fyrir strik

Efni sem hentar öllum
hvort sem er í einstaklings-, hóp- og/eða bekkjarkennslu



Bókaútgáfan Hólar
2020

Efnisyfirlit

Nemendur	6	FYRIR GETUMEIRI EINSTAKLINGANA	84	JÓL	
Að læra málið strik fyrir strik	7	FÓLK		Jólatré	184
Hvað er verið að þjálfra upp	8	Manneskja	92	Jólasveinn	186
Vinnuferli fyrir getuminnstu nemendurna	9	Fótboltakrakki	96	Jólakerti	190
Vinnuferli fyrir getumeiri nemendurna	11	Embættismaður	100	Jólastjarna	192
Vinnuferli fyrir getumestu nemendurna	13	Dansari	104	FYRIR GETUMESTU EINSTAKLINGANA	194
Málinnlögn í gegnum teikniferli	15	Prinsessa	107	FÓLK	
Umsagnir	17	DÝR		Embættismaður	198
FYRIR GETUMINNSTU EINSTAKLINGANA	18	Köttur	114	Lína langsokkur	199
FÓLK		Svín	117	FARARTÆKI	
Fótboltakrakki	24	Hestur	120	Vélsleði	200
Manneskja	30	Hundur	123	Rúta	201
DÝR		Hani	126	Seglskúta	202
Köttur	36	Kind	129	Flutningaskip	203
Svín	39	Kýr	132	Þyrla	204
Hestur	42	Fiskur	136	DÝR	
Hundur	45	BYGGINGAR		Ljón	205
Fugl	48	Hús með risi	140	Api	206
Kind	50	Kirkja	143	Gíraffi	207
BYGGINGAR		GRÓÐUR		Kanína	208
Hús	56	Tré	148	Gæs	209
GRÓÐUR		Blóm	150	BYGGINGAR	
Tré	62	FARARTÆKI		Mylla	210
Blóm	64	Bíll	154	Verksmiðja	211
FARARTÆKI		Flutningabíll	158	JÓL	
Bíll	68	Bátur	162	Jólasveinn	212
Bátur	72	Skip	165	Engill	213
JÓL		Reiðhjól	167	ÓTILGREINT	
Jólatré	76	Flugvél	171	Snjókarl	214
Jólasveinn	78	VINNUVÉLAR		Bangsi	215
Jólakerti	82	Traktor	176	Barnavagn	216
		Grafa	179	Rúm	217
				Þvottavél	218

NEMENDUR

Þetta málörvunarefni er sniðið að nemendum með mismikla getu. Það byggist á að kenna mál í sem víðustum skilningi með að draga upp teikniverkefni – strik fyrir strik. Um leið læra nemendur vinnubrögð, samstarf og tillitssemi.

GETUMINNSTU EINSTAKLINGARNIR: Einstaklingar sem þurfa mjög mikla hjálp og eru í raun á frumstigi. Þessir einstaklingar þurfa hjálparpunkta og mikla handstýringu. Þeir ráða ekki við meira en eitt strik í einu. Myndir eru einfaldar og t.d. eru handleggir og fótleggir teiknaðir sem ein lína en ekki tvær. Kennslan er einstaklingskennsla.


GETUMEIRI EINSTAKLINGARNIR: Einstaklingar sem eru farnir að geta séð að tvær línur eru fyrir handlegg og fótlegg en ekki bara ein lína. Þessir einstaklingar þurfa mun minni hjálp en þeir getuminnstu. Þannig þurfa þeir mun minni – ef nokkra – handstýringu og notkun hjálparpunkta er höfð í lágmarki. Hjálparpunkta gæti þurft við að gera ferhyrninga. Hér gætu fáir nemendur verið saman í hóp.

GETUMESTU EINSTAKLINGARNIR: Einstaklingar sem eiga að geta hjálparlaust ráðið við að herma eftir teikniferli form fyrir form. Hentar því fyrir einstaklinga með mikla getu. Efnið hentar til bekkjarkennslu. Hins vegar verður að hafa í huga að þetta er fyrst og fremst ætlað sem málörvunarverkefni.

ATH. Þó að getumestu einstaklingarnir geti ráðið við fleiri en eitt form eða einingu í einu er ætlast til að aðeins sé tekin fyrir ein eining – strik fyrir strik – svo að hægt sé að leggja inn orð og þekkingu sem varða hana.

AÐ LÆRA MÁLIÐ STRIK FYRIR STRIK

Langflest sem við horfum á – lifandi eða dautt – er sett saman úr formum og línum sem hvert ber sitt heiti og hefur sitt notagildi. Þegar við teiknum hlut/persónu þá koma ótal orð upp í hugann sem skýra lögun og notagildi hlutarins. Þannig má í gegnum teikningu læra ótal mörg orð ásamt því að beita rökhugsun.



Tökum sem dæmi orðið bíll:

Bíll er heild en hann er gerður úr mörgum einingum eða formum eins og hjólum (hringir) sem sjá til þess að hann geti runnið eftir vegi (rökhugsun), gluggum (ferhyrningar) svo hægt sé að sjá út eða fá birtu inn (rökhugsun), hurðum (ferhyrningar) til þess að komast inn og út (rökhugsun), ljósum (bogar eða ferhyrningar): a) framljós: að hægt sé að sjá veginn (rökhugsun), b) afturljós: svo aðrir geti séð aftan á bílinn og passað að keyra ekki á hann (rökhugsun) o.s.frv.

Meginmarkmið

Leitast er við að beisla sem flesta þætti skilvirks náms eins og að:

Nýta heyrnarskyn einstaklings þegar ný orð eru lærð og sjón-, hreyfi- og þreifiskyn þegar hann teiknar sjálfur þá einingu sem

hann er að læra orðið yfir. (Sjá nánar „Hvað er verið að þjálfra upp“ á næstu blaðsíðu).

Leiðin að því markmiði er að nota stýrða teikningu, þar sem verið er að vinna með tjáningu og vinnulag einstaklings gegnum myndsköpun.

Það skal tekið skýrt fram að megintilgangurinn er ekki að kenna teikningu heldur að læra málið gegnum teikniferli.

Markhópur

Eins og efnið er lagt fram er miðað við einstaklinga með mismikla getu. Til að gagnast getulitlum einstaklingum getur þurft að einfalda efnið og sníða það að því getustigi sem þeir eru á. Sumir einstaklingar eru að læra grunnorðaforða (t.d. haus). Aðrir eru að læra ítarorðaforða (t.d. nasir – varir – augabrúnir...).

Vegna þess að aðeins er tekin fyrir ein lína/strik eða eitt form í einu sem nemandinn fylgir eftir – skref fyrir skref – skapast tækifæri til þess að ná til nemenda á mismunandi getustigi eða alveg frá einstaklingum með mikil frávik til einstaklinga sem teljast eðlilegir í þroska.

Hér er leitast við að ná til:

Getulítilla einstaklinga sem verða að fá allt mjög einfalt bæði AÐAL-ORÐ, þekkingu, einfalda rökhugsun, spurningar og teikniferli þar sem ein lína er tekin fyrir í einu – jafnvel með léttri handstýringu leiðbeinanda – og leiðbeiningarpunktum.

Getumeiri einstaklinga sem geta dregið upp flóknari samsetningarforma og lína, einstaklinga sem ná að skilja fleiri en ein skilaboð í einu, hafa dýpri rökhugsun og þurfa minni aðstoð.

Hvað er verið að þjálfar upp

Hlustun

AÐALORÐ eru stutt og spurningum beitt við hvert tækifæri. Það vekur eftirtekt og um leið hlustun.

Heyrnarminni

Ung börn og einstaklingar sem hafa lítið heyrnarminni eiga erfitt með að muna flókin orð og langar og flóknar setningar. Því eru aðalorðin stutt.

Einbeiting og úthald

Sum börn hafa slaka einbeitingu og úthald og því verða fyrirskipanir og athafnir að vera stuttar. M.a. þess vegna er aðeins eitt form eða lína/strik tekið fyrir í einu.

Fylgja fyrirmælum

Með því að draga myndina upp – strik fyrir strik – er verið að kenna nemanda að fara eftir fyrirmælum. Hann má ekki gera annað en að herma eftir línuna og/eða formið eins vel og hann getur. Í hópkenndu er hægt að auka félagslega færni með því að læra að bíða eftir öðrum og fara eftir hóp-fyrirmælum.

Byggja upp orðaforða

Nafnorð, sagnir, lýsingarorð, töluorð, fornöfn, atviksorð, forsetningar og samtengingar eru lögð inn.

Skilning á hugtökum

Með því að hafa spurningar stuttar verður svarið stutt, oft aðeins eitt hugtak.

Setningagerð

Ung börn og einstaklingar með frávík eiga oft í erfiðleikum með að setja orð upp í setningar. Með því að hafa setningar stuttar og hnitmiðaðar læra þau setningagerð.

Formskynjun

Flatarmálsmyndir kenna einstaklingi að í raun eru allir hlutir gerðir úr formum.

Þannig er mannslíkaminn gerður úr formum: Haus er hringur, handleggir langir ferhyrningar, búkur sporaskja, eyru hálfhringur o.s.frv.

Nákvæmni (vandvirkni)

Að einstaklingur geri eins vel og hægt er að búast við miðað við getu. Lína á ekki að fara lengra en henni er ætlað. Fari hún lengra þarf að hjálpa nemandanum við að stroka út og gera aftur. Hringur á að lokast vel og vera eins hringlaga og kostur er (hér getur létt handstýring hjálpað).


Fínhyrfingar

Bæði með því að læra að halda á skriffæri svo og að stjórna því eflast fínhyrfingar.

Að gera til skiptis


Þjálfar upp samvinnu þar sem kennarinn gerir fyrirmyndina á sitt blað og nemandinn hermir eftir á sínu blaði.

Vinnuferli fyrir getuminnstu nemendurna



Kennarinn (eða sá sem stýrir verkinu) leiðir alltaf teikninguna. Þannig sýnir hann hvað á að gera með eigin teikningu á töflu eða blaði.

Kennarinn er alltaf skrefinu á undan sem er öryggisatriði fyrir einstaklinginn. Þannig teiknar kennarinn fyrst og nemandinn hermir síðan eftir eins nákvæmlega og hann getur.



Einstaklingurinn lærir auk þess að fara eftir fyrirskipunum því það þarf að fylgja nákvæmlega fyrirmælum kennarans og gera hvorki meira né minna.

Einstaklingskennsla

Sumir einstaklingar þurfa mjög mikla hjálp í formi hjálparpunkta og handstýringar. Einfaldar myndir sem byggjast upp á hringjum, bogum, oddum og einföldum línunum.

Áhöld

- Sver blýantur eða blýantur með sér-tilgerðu gripi.
- Strokleður, mjúkt og nokkuð stórt.
- Óstrikað A4 blað.

Verkferli

Kennari situr á móti nemanda við borð, báðir með óstrikuð A4 blöð. Blöðin snúa eins hjá báðum. Hvort blaðið snýr þversum eða langsum fer eftir því hvað á að teikna.

Kennarinn leiðir verkið og gerir strik eða form á sitt blað en þannig að teikning snúi rétt að nemanda.

Áður en byrjað er að teikna segir kennarinn hvað á að teikna. Inn í kennsluferlið fléttast síðan málörvunin (uppbygging orðaforða og fræðsla) í stuttum setningum á einföldu máli.

Hjálparpunktar eru gerðir á blað nemandans fyrir hvert strik til að auðvelda honum að stýra bæði lengd og hafa línuna eins beina og mögulegt er.



Hjálpnið og/eða kennið nemandanum að stroka út og gera betur ef vitað er að hann getur betur.

Athugið að birtustig sé gott.

Yfirhugtak er kennt með fyrirmælum t.d. „Nú ætlum við að teikna hest“.



Sjá vídeó á www.rod.d.is





Hjálp

- Fyrir getuminnsta einstaklinginn eru hjálparpunktir settir á blöð hans til að auðvelda honum að sjá hvert lína á að fara.
- Einnig gæti þurft með léttri handstýringu (alls ekki að gera línuna eða formið fyrir einstaklinginn) að hjálpa honum að ná tiltekinni línu eða formi.
- Það gæti beinlínis þurft að stýra hendi nemandar, jafnvel kenna honum að halda á skriffæri.

Spurnarform fléttuð inn í verkferli

Inn í vinnuferlið fléttast spurningar fyrir þá nemendur sem þola að vera spurðir.

- Hvað kemur næst?
- Til hvers er þetta?
Má ekki sleppa því?
Af hverju ekki?
- Má þetta ekki vanta?
Af hverju ekki?
- Þurfum við að hafa þetta?
Af hverju?



Vinnuferli fyrir getumeiri nemendurna

Kennarinn (eða sá sem stýrir verkinu) leiðir alltaf teikninguna. Þannig sýnir hann hvað á að gera með eigin teikningu á töflu eða blaði. Áður en byrjað er segir kennarinn til um hvað á að teikna. Inn í kennsluferlið fléttast síðan málörvunin (uppbygging orðaforða og fræðsla) í stuttum setningum á einföldu máli. Kennari reynir að spinna fram umræður.



Kennarinn er alltaf skrefinu á undan sem er öryggisatriði fyrir einstaklingana. Þannig teiknar kennarinn fyrst og nemendurnir herma síðan eftir eins nákvæmlega og þeir geta.

Einstaklingarnir læra auk þess að fara eftir fyrirskipunum því það þarf að fylgja nákvæmlega fyrirmælum kennarans og gera hvorki meira né minna.

Hjálparpunktur á blöð nemenda ef með þarf.

Hjálpnið/kennið nemendum að stroka út og gera betur ef vitað er að þeir geti gert betur.

Athugið að birtustig sé gott bæði á borði nemenda og töflu.

Fámennur hópur

Mælt er með fámennum hóp. Nemendur gætu þurft smá hjálp í formi hjálparpunkta t.d. við gerð ferhyrninga og með lengd lína (sjá t.d. bls. 141)

Þessir nemendur ráða flestir við ferhyrninga, þríhyrninga, hringa, sporöskjur, tvöfaldar línur, boga og odda.



Áhöld

- Góður vel yddaður blýantur eða blýantur með til þess gerðu gripi.
- Strokleður, mjúkt og nokkuð stórt. Má vera gott strokleður á enda blýants.
- Óstrikað A4 blað.



Sigríður Sigmarsdóttir þroskajálfri.



Verkferli

Fámennur hópur nemenda (3-5).

Kennari gæti kennt frá töflu eða setið á móti nemendum við borð.

Hver nemandi hefur óstrikað A4 blað. Hvort blaðið snýr þversum eða langsum fer eftir því hvað á að teikna. Blaðið má brjóta í tvennt til að fá myndflöt að ofan og flöt til að skrifa á fyrir neðan myndina.

Kennarinn leiðir verkið og gerir strik eða form á töfluna eða sitt blað þannig að teikningin snúi rétt að nemendum. Nemandi gerir aðeins það sem kennari segir til um.



Myndir nemenda.

Sjá vídeó á www.rodd.is

Vinnuferli fyrir getumestu nemendurna

Kennarinn (eða sá sem leiðir verkið) gerir strik eða form á töfluna sem nemendur herma síðan eftir eins vel og kostur er á. Allir nemendur verða að vera samtaka og enginn gerir meira en sagt er til um hverju sinni.

Einstaklingarnir læra að fara eftir fyrirmælum því þeir þurfa að fylgja nákvæmlega fyrirmælum kennarans og gera hvorki meira né minna.

Áður en byrjað er að teikna segir kennarinn til um hvað á að teikna.

Inn í kennsluferlið fléttast síðan málörvunin (uppbygging orðaforða og fræðsla). Kennari spinnur fram umræður um viðfangsefnið.

Athugið að birtustig sé gott bæði á borði nemenda og töflu.

Bekkjarkennsla

Hentar vel til bekkjarkennslu 6-9 ára nemenda.

Áhöld



- Góður velyddaður blýantur, ekki of stuttur.
- Mjúkt stakt strokleður eða mjúkt strokleður á enda blýants.
- A4 blöð

Verkferli

Nemendur sem ráða við að teikna form og línur og geta unnið sjálfstætt í hóp.

Kennt frá töflu.

Hver nemandi hefur óstrikað A4 blað. Hvort blaðið snýr þversum eða langsum fer eftir því hvað á að teikna.



Blaðið má brjóta:

1. Í tvennt til að fá myndflöt að ofan og flöt til að skrifa á fyrir neðan.

2. Í þrennt, þ.e.a.s. fyrst í tvennt og síðan að brjóta neðri helminginn aftur til að fá fram línur til að skrifa á.

3. Í fernt til að geta betur ráðið við einstaka hluti myndar en jafnframt fengið reit til að skrifa í.

ATH! Nota má óbrotið A4 blað.

Málínlögn í gegnum teikniferli

Innlögn á orðaforða

Með aðferðinni er kenndur fjölskrúðugur orðaforði – sem aftur tengist lesskilningi (innri orðaforði eða orðskilningur er forsenda þess að skilja þann texta sem verið er að lesa). Börn með eðlilegan orðaforða, sem eru að hefja grunnskólagöngu eiga í innra orðasafni sínu milli 20 og 30 þúsund orð til að skilja það sem fram fer í kringum þau, en nota sjálf í daglegu máli kringum 3.000 orð.

1. Innlögn á nafnorðum

Hver eining heildar heitir eitthvað eins og t.d. *haus, hál, bringa, magi, læri* o.s.frv. Þannig eru nafnorð – heiti – lögð inn. Þetta næst með því að kennari segir orðin um leið og teiknað er. Þetta má líka gera með spurnarformi: „Hvað á að teikna næst?“

2. Innlögn á stærðfræðihugtökum

Notað er teikniform sem kennir hugtök sem lúta að stærðfræðihugtökum. Þannig eru lögð inn orð á borð við *hringur, ferhyrningur, sporaskja, bogi, lína, horn*.

3. Innlögn á lýsingarorðum

Lýsingarorð eru notuð til þess að lýsa t.d. legu, lengd eða hæð (t.d. *langur, stuttur, beinn, boginn*) „Gerum *bogna* línu“ eða „gerum *beina stutta* línu“.

4. Innlögn á rúmskynjunarhugtökum (smáorðum)

Þegar línurnar eru gerðar er tekið fram hvar þær eru t.d. *fyrir ofan, fyrir neðan, ofan á, við hliðina á, undir, upp, niður, til hliðar*. T.d. „löng lína upp á ská“ eða „lína beint niður“.

5. Innlögn á töluorðum

Töluorð leggjast inn þegar rætt er um fjölda t.d. *hve mörg* augu við höfum, *hve marga* glugga eigi að teikna o.s.frv.

6. Innlögn á heitum yfir form

T.d. *hringur, sporaskja, ferhyrningur, þríhyrningur*.

Innlögn á þekkingu

Dæmi: Hvað heitir karlinn, konan og barnið (afkvæmið) hjá kúnni?

Hvað heitir húsið sem kýrin á heima í?

Hvað borðar kýrin?

Hvað heitir hljóðið sem kýrin segir?

Hvaða hlutverki gegnir hlutur eða lifandi vera?

Ef um hluti er að ræða (dæmi um spurningar):

1. Hvar er þetta notað?

2. Til hvers er þetta notað?

Dæmi:

Hér hefur *fólksbíll* orðið fyrir valinu.

Hvað er bíll? *Hann er farartæki*.

Hvar er venjulegur bíll yfirleitt notaður? Er hægt að keyra bíl hvar sem er t.d. á sjónum? Nei, það verður að keyra bíl á ... vegi.

Til hvers er bíllinn notaður? Til að flytja hvað? *Fólk* eða *vörur*.

Efling rökhugsunar

Til hvers er hluturinn eða einingin? Af hverju má þetta ekki vanta?

Dæmi:

Ljós á farartæki. Til hvers eru ljósin? Má ekki bara sleppa þeim? Af hverju ekki?

Stýri á bíl. Til hvers er stýrið? Má ekki bara sleppa því? Af hverju ekki?
Þak á húsi. Til hvers er þakið? Má ekki bara sleppa því? Af hverju ekki?

Teikniferlið þarf að vera rökrétt

Hvað kemur næst? Áriðandi er að teiknað sé í rökréttu framhaldi og einstaklingnum þannig kennd rökrétt vinnubrögð.

Dæmi: Búið er að teikna haus. Síðan er spurt: *Hvað kemur næst?* Ef svarið verður „magi“ þarf að benda einstaklingnum á hvort ekki þurfi að teikna fyrst augu, nef, munn, hár og háls.

Þannig kennir aðferðin einstaklingi að sjá hvernig lifandi verur eða hlutir eru í raun samsettir úr fjölmörgum þáttum sem mynda eina heild á skipulegan og rökréttan hátt. Umbun felst í því að sjá línurnar og formin verða að heildstæðri mynd sem einstaklingurinn hefur gert sjálfur.

Umsögn Sigríðar Sigmarsdóttur þroskaþjálfar

Hvernig finnst mér að kenna þetta

Sem þroskaþjálfari í grunnskóla hef ég verið að vinna með þessa grunnhugmynd Valdísar í nokkur ár. Hef ég notað þetta með börnum á nánast öllum aldri. Þetta hefur verið mér góð leið til þess að leggja inn orðaforða, æfa hlustun, að fara eftir fyrirmælum og svo margt fleira sem ég hef oft getað stjórnað og valið sem áhersluatriði hverju sinni.

Fyrir bæði mig og nemendur mína hefur þetta skapað skemmtilegar og eftirminnilegar kennslustundir. Verkefnunum er auðvelt að framfylgja, góðar skýringar og punktar sem fylgja svo hægt sé að æfa sem mest í einu. Þar sem ég kenni oft í um það bil 40 mínútna kennslulotum hentar eitt verkefni í einu einstaklega vel tímunum.

Hvernig ég og nemendur upplifa

Ég heillaðist strax af hugmynd Valdísar er hún sýndi mér hugmyndina fyrst. Áhugi kviknaði á að nýta þetta og sá ég að þar sem teikniáhugi

barnanna í mínum tímum var mikill myndi þetta einnig henta þeim vel. Má segja að frá fyrstu stundu hafi þetta smellið hjá okkur.

Hef ég í gegnum árin náð að þróa og leika mér með verkefnið á ýmsan hátt, jafnvel til þess að kenna erlendum börnum tungumálið, alveg upp í efstu bekk grunnskóla. Höfum við breytt þessu í leiki, giskað á hvað verið er að teikna, teiknað heilu herbergin eða sveitina, notað í þema-vinnu og einnig að útbúa eftir þeirra ósk ný teikniverkefni.

Tímarnir eru því fljótir að líða, skemmtilegir og gefandi fyrir alla. Nemendur vita að ég stjórna ferðinni og þannig er auðvelt að hjálpa þeim. Sigrarnir í þessum tímum er allmargir og ósjaldan fara nemendur út úr tíma með þeim orðum að við höfum bara verið að leika og ekkert verið að læra!

Útskrifaðist sem þroskaþjálfari árið 2006. Unnið sem slíkur við öll grunnskólastig í Grunnskóla Vestmanneyja. Verksvið: nemendur með öll möguleg frávík sem hindra þau í námi.

Umsögn Ragnheiðar Ólafsdóttur grunn- og leikskólakennara

Fyrir mörgum árum fól Valdís Jónsdóttir mér að prufukeyra fyrir sig verkefni sem hún var með í smíðum. Verkefnið fólst í teikningum eftir fyrirmælum – skref fyrir skref og var lagt fyrir nemendur í 1. bekk.

Nemendur læra að fara eftir fyrirmælum, læra hugtök (eins og undir, yfir, við hliðina...) form, samvinnu, tillitssemi, umræður, að hlusta á aðra, að tjá sig, auk þess sem verkefnið eflir rök hugsun, orðaforða og mál-skilning en síðast og ekki síst læra nemendur að teikna. Nemendur eru leiddir áfram með spurnarorðum eins og hvar..., hvernig..., hvað..., hvers vegna..., til hvers ...?

Gleðin sem skín úr hverju andliti þegar myndin er komin fullmótuð á blað í lok hvers verkefnis er mikil, mynd af flugvél, þyrllu, skipi, löggú,

Línu langsokk eða ljóni. Ég þori að fullyrða að sjálfstraust nemenda eflist til muna.

Eftir að tilraunakennslu lauk hef ég notað málörvunar- og teikniverkefnið með mínum umsjónarbekk, aðallega 1. og 2. bekk en einnig með tvítyngdum nemendum á yngsta og miðstigi til þess að efla orðaforða og málörvun. Aðalástæðan fyrir því að ég nota verkefnið enn er hversu auðvelt er að leggja það fyrir nemendur, fyrirmæli eru skýr og upplifun og ánægja nemenda mikil.

Leikskólakennari við leikskóla í Reykjavík og á Akureyri. Við kennslu yngri barna í Síðuskóla á Akureyri, og grunnskólakennari við Brekkuskóla á Akureyri.

Fyrir getuminnstu einstaklingana

**sem þurfa mjög mikla hjálp og eru í raun á frumstigi.
Þessir einstaklingar þurfa hjálparpunkta
og mikla handstýringu. Þeir ráða ekki við
meira en eitt strik í einu. Myndir eru einfaldar og t.d. eru
handleggir og fótleggir teiknaðir sem ein lína en ekki tvær.
Kennslan er einstaklingskennsla.**

Tölvuteikningar: Ásdís Ívarsdóttir

Muna markmiðin

- Kenna munnlegan **orðaforða** gegnum teikningu.
- Þjálfar upp **samvinnu**.
- Fara eftir **fyrirmælum** (ekki gera meira eða öðruvísi en beðið var um).
- Þjálfar upp **fínhreyfingar**.
- Þjálfar upp **vandvirkni**.
- Þjálfar upp **eftirtekt**.
- Þjálfar upp **athygli**.
- Þjálfar upp **hlustun**.
- Efla **rökhugsun**.
- Auka **þekkingu**.
- Sjá **einingar í heildarmynd og hlutverk þeirra**.

Innlagður orðaforði

Teikning	Form – strik/línur	Fjöldahugtök	Stærð – lengd	Rúmskynjun
<i>1 – Fólk</i>	Hringur	1 – 2 – 3 – 4 – 5	Langur	Frá – að
Manneskja	Punktur	Bæði – báðir	Stuttur	Aftast – fremst
Fótboltakrakki	Sporaskja	Nokkur – mörg	Stór	Aftan við
		Aðra – hina	Lítill	Framan á – aftan á
<i>2 – Dýr</i>	Beint strik	Annar – hinn	Jafnlöng	Framarlega – aftarlega
Köttur	Skástrik	Annað – hitt	Jafnstórt	Upp – upp á – upp úr – upp að
Svín	Hlykkjótt strik	Allir	Ekki of langt – ekki of stutt	Niður – niður frá – niður á – niður úr
Hestur	Þverstrik			Út á hlið – út frá – út fyrir
Hundur				Inn í – inn fyrir
Fugl	Bogi (bogið strik)			Til hliðar
Kind	Oddur			Hlið við hlið
				Við hliðina
<i>3 – Byggingar</i>				Neðst – efst
Hús með risi				Neðarlega – ofarlega
				Fyrir neðan – fyrir ofan
<i>4 – Gróður</i>				Neðan við – ofan við
Tré				Ofan á
Blóm				Öðrum megin – hinum megin
				Undir – yfir
<i>5 – Farartæki</i>				Á milli
Fólksbíll				Á endann
Bátur				Sitt hvorum megin






Innlagður orðaforði frh.




Teikning				Rúmskynjun
<i>6 – Jól</i>				Næst
Jólatré				Þvert yfir
Jólasveinn				
Kerti				

SÝNISHORN – „Manneskja“ er tekin fyrir á bls. 30

Sjá vídeó á www.rodd.is

Á hverju byrjum við? (Bendið á hausinn.) Haus: Nú gerum við hring á blaðið. (Styðjið létt við hönd nemanda svo að hann nái að mynda hring.)	
Nú er hausinn kominn.	
Hvað vantar nú inn í hausinn? Með hverju sjáum við? (Bendið á augu.) Hvað eru augun mörg? Þau eru tvö. Gerum tvo hringi inn í hausinn hlið við hlið. Setjum augasteina. Tveir litlir punktar inn í augun.	
Má ekki augun vanta? Af hverju ekki?	
Hvað kemur næst inn í hausinn? Með hverju öndum við? (Bendið á nef.) Við gerum eitt strik niður á milli augnanna.	
Má ekki nefið vanta? Af hverju ekki?	
Hvað kemur næst inn í hausinn? Með hverju borðum við? (Bendið á munn.) Við gerum bogið strik alveg eins og þegar við brosum. Hvernig brosum við?	
Má ekki munninn vanta? Af hverju ekki?	
Til hvers notum við munninn?	
Erum við núna búin með hausinn? Hvað vantar?	
Hvað kemur næst á hausinn? Með hverju heyrum við? (Bendið á eyru.) Hvað eru eyrun mörg? Þau er tvö. Gerum annað eyrað og setjum boga á hausinn. Gerum hitt eyrað og setjum boga hinum megin á hausinn.	
Má ekki eyrun vanta? Af hverju ekki?	

Hvað kemur næst?	Hjálparpunktar 
Hvað er ofan á hausnum? (Bendið á hár.) Hár: Fjögur hár upp frá hausnum. Setjið hjálparpunkta. (Látið einstaklinginn setja strikin á hringinn – ekki fyrir ofan eða neðan heldur á strikið. Teljið um leið. Stýrið hendi nemanda mjög létt.)	
Nú er hausinn búinn. Hvað kemur næst? Hvað festir hausinn? (Bendið á hálsinn.) Gerum hálsinn – eitt stutt strik niður – ekki langt. Setjið hjálparpunt.	
Má ekki hálsinn vanta? Af hverju ekki?	
Hvað kemur næst? (Bendið á búkinn) Búkur: Hringur frá hálsinum. (Styðjið létt við hönd einstaklingsins til að hann geti náð að mynda hring.) Og hvað er á búknum? Bringa – magi – bak og rass. (Bendið á alla þessa líkamshluta.)	
Hvað kemur næst? (Bendið á fótleggina .) Fótleggir: Annar fótleggurinn: Skástrik niður frá búknum. Hinn fótleggurinn: Annað skástrik niður frá búknum. Setjið hjálparpunkta. Til hvers eru fótleggirnir? Hvað erum við með marga fótleggi? Tvo.	
Má ekki fótleggina vanta? Af hverju ekki?	

Fætur: <i>(Bendið á fætur.)</i> Gerum lítinn hring neðan á annan fótlegginn. Gerum svo alveg eins lítinn hring neðan á hinn fótlegginn.	
Má fætuna vanta? Af hverju ekki?	
Tær (tásur): Hvar eru tærnar (tásurnar) okkar? Hvað eru þær margar? Teljið fyrst á öðrum fætinum 1 – 2 – 3 – 4 – 5 og síðan á hinum fætinum 1 – 2 – 3 – 4 – 5. Tær (tásur): Setjum 5 strík á hvorn fót (strikin komi við hringina). Hvert strík talið um leið og það er gert. Setjið hjálparpunkta.	
Vantar eitthvað? Erum við búin að teikna allt?	
Rétt það vantar handleggina og hendurnar. Hvað erum við með marga handleggi? Tvo. Handleggir: Annar handleggurinn: Eitt skástrik frá bók ekki mjög langt. Hinn handleggurinn: Eitt skástrik hinum megin frá bóknum ekki mjög langt. Setjið hjálparpunkta.	
Má handleggina ekki vanta? Af hverju ekki?	
Hendur: Til hvers eru hendurnar? Má þær ekki vanta? Af hverju ekki?	
Önnur hending: Lítill hringur við endann á handleggnum. Hin hending: Lítill hringur við endann á hinum handleggnum.	

En hvað vantar núna á hendurnar?

Rétt það vantar fingur.

Og hvað erum við með marga **fingur**? Teljið með nemandanum hvern fingur fyrir sig og komið við fingur nemandans um leið.

Fingur: Setjum fimm strík á hvora hönd, ekki of löng og ekki of stutt (passið að strikin komi við handarhringinn). Hvert strík talið um leið og það er gert. Setjið hjálparpunkta.

En þurfum við að hafa fingur? Af hverju? Hvað getum við gert með fingrunum okkar?

Fræðsla fléttuð inn í verkefnið

Fræðið um hlutverk hvers líkamshluta

Haus (hugsa) – **augu** (sjá) – **nef** (anda) –

munur (borða, drekka, tala, syngja, anda) –

eyru (heyra) – **hár** (svo okkur verði ekki kalt á hausnum) –


háls (til að halda hausnum) – **bringa** (til að anda) –

magi (til að borða) – **bak** (til að halda okkur uppi) –

rass (kúka) – **hendur** (grípa, taka, skrifa, teikna, borða, klifra) –

fætur (ganga, hlaupa, hoppa, skríða).

FÓLK



Fótboltakrakki

Manneskja

Nú ætlum við að teikna FÓTBOLTAKRAKKA og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið FÓT~BOLTA~KRAKKI ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum).
Dæmi: „Nú teiknum við fótboltakrakka og byrjum á (bendið á hausinn) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Við spörkum bolta með (bendið á fótinn) ... FÆTINUM/FÓTUNUM.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nef – munnur – eyru – hár
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – (sést ekki; bak – rass)*
	Handleggir	
	Hendur	Fingur
	Fótleggir	Fætur
	Bolti	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath. Leggið inn þessi orð um leið og búkur er teiknaður

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað er fólk? Maður, kona, stelpa og strákur.


Til hvers eru augu – eyru – nef – munnur – hendur – fætur?


Með hverju spörkum við í fótboltann?

Með hverju grípum við fótboltann?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:

Gerum hring á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Augu:

Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.


Til hvers eru augun?

Má þau vanta? Af hverju ekki?



Augasteinar:

Tveir punktar inn í augun.




Nef:

Stutt strik niður á milli augnanna.

Má ekki sleppa nefinu?

Af hverju ekki?




Munnur (brosandi):

Bogi undir nefinu.

Notum við munninn eitthvað?

Til hvers?




Eyru:

Tveir litlir bogar sitt hvorum megin á hausinn.

Purfum við eyru? Til hvers?

Nú er hausinn búinn.


Hvað kemur næst?



Hár:

Fjögur strik á hausinn.

Gerið hjálparpunkta. Passið að strikin fari á hringinn, ekki of löng og ekki of stutt.




Háls:

Strik niður frá hausnum.


Gerið hjálparpunkt.

Er hálsinn núna búinn?


Hvað kemur næst?




Búkur (bringa – magi – bak – rass):
Stór hringur frá hálsinum.
 Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Handleggur:
Skálína frá búk.
 Gerið hjálparpunkt.




Hinn handleggurinn:
Skálína frá búk hinum megin.
 Gerið hjálparpunkt.




Hönd:
Lítill hringur á enda handleggsins.




Hin höndin:
Lítill hringur á enda hins handleggsins.




Fingur:
Fimm lítill strik út frá hendinni.
 Gerið hjálparpunkta. Teljið um leið og strikin eru gerð. Hjálpið nemandanum að telja eigin fingur.
Purfum við fingur? Til hvers?




Fingur á hina höndina:
Fimm lítill strik út frá hinni hendinni.
 Gerið hjálparpunkta. Teljið um leið og strikin eru gerð. Hjálpið nemandanum að telja eigin fingur.
Erum við búin? Nei. Hvað vantar?




Fótleggur:
Bein lína niður frá búk.
 Gerið hjálparpunkt.




Hinn fótleggurinn:
Skálína niður frá bók.
 Gerið hjálparpunkt.



Fótur:
Stutt lína út frá fótlegg.
 Gerið hjálparpunkt.



Hinn fóturinn:
Stutt lína út frá hinum fótleggnum.
 Gerið hjálparpunkt.
Purfum við fætur? Til hvers?



Bolti:
Hringur við annan fótinn.

Nú ætlum við að teikna MANNESKJU og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið MANN~ESKJA ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum).
Dæmi: „Nú teiknum við manneskju og byrjum á (bendið á hausinn)
... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta?**
Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn kominn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja inn það sem við sjáum með (bendið á auga) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nef – munnur – eyru – hár
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – rass – bak*
	Handleggir	
	Hendur	Fingur – lófar
	Fótleggir	
	Fætur	Tær (tásur)
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath. Leggið inn þessi orð um leið og búkur er teiknaður

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað er fólk? Maður, kona, stelpa og strákur.


Hvað getur manneskjan sem dýr geta ekki? Talað, sungið, hlegið, grátið.


Eru allar manneskjur eins? Nei. Stórar, litlar, gamlar, ungar, svartar, hvítar, gular.

Af hverju er manneskjan í fötum?

ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:

Gerum hring á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Augu:

Tveir hringir hlið við hlið inn í hausinn.


Til hvers eru augun?

Má þau vanta? Af hverju ekki?



Augasteinar:

Tveir punktar inn í augun.




Nef:

Eitt stutt strik á milli augnanna.

Til hvers er nefið?


Má það vanta? Af hverju ekki?



Munnur (brosandi):

Einn bogi fyrir neðan nefið.


Til hvers er munnurinn?



Eyra:

Einn lítill bogi öðrum megin á hausinn.

Til hvers eru eyrun?




Hitt eyrað:

Einn lítill bogi hinum megin á hausinn.

Má eyrun vanta?

Af hverju ekki?




Hár:


Fimm lítill strik uppi á hausnum. Gerið hjálparpunkta. Teljið um leið og strikin eru gerð. ATH. að strikin komi við línuna í hringnum.

Nú er hausinn búinn.


Hvað kemur næst?




Háls:
Eitt stutt strik niður frá haus.
Gerið hjálparpunkt.




Búkur:
Einn stór hringur fyrir neðan hálsinn.
Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn. Bendið á og nefnið bringu, maga, bak og rass.




Handleggur:
Eitt skástrik út frá búknum ofarlega.
Gerið hjálparpunkt.




Hinn handleggurinn:
Eitt skástrik út frá búknum hinum megin.
Gerið hjálparpunkt.
Hvað kemur neðan á handleggina?




Hönd – lófi:
Einn hringur á enda handlegsins.




Hin höndin – lófi:
Einn hringur á enda hins handlegsins.



Fingur:
Fimm lítil strik út frá hendinni.
Gerið hjálparpunkta. Teljið um leið og strikin eru gerð. Hjálpið nemandanum að telja eigin fingur.




Fingur á hina höndina:
Fimm lítil strik út frá hinni hendinni. Gerið hjálparpunkta. Teljið um leið og strikin eru gerð. Hjálpið nemandanum að telja eigin fingur.
Erum við búin? Nei. Hvað vantar?



Fótleggur:

Eitt skástrik niður frá búknum.


Gerið hjálparpunkt.



Hinn fótleggurinn:


Eitt skástrik hinum megin niður frá búknum.

Gerið hjálparpunkt.




Fótur:

Lítill hringur á endann á fótleggnum.



Hinn fóturinn:


Alveg eins lítill hringur á endann á hinum fótleggnum.



Tær (tásur):

Fimm stutt strik á fótinn.

Gerið hjálparpunkta. Teljið um leið og strikin eru gerð. Strikin fari nákvæmlega á hringinn.





Tær (tásur):

Fimm stutt strik á hinn fótinn.



Gerið hjálparpunkta. Teljið um leið og strikin eru gerð. Strikin fari nákvæmlega á hringinn.

DÝR





Köttur

Svín



Hestur

Hundur



Fugl

Kind

Nú ætlum við að teikna KÖTT og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið KÖTTUR ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við kött og byrjum á (bendið á hausinn) ... HAUSNUM. Kötturinn hugsar með hausnum eins og við.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn kominn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja inn það sem við sjáum með (bendið á auga) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nasir – munnur – eyru – veiðihár
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Fætur	Framfætur – afturfætur
	Rófa	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletuðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu – nasir – munnur – eyru? Má þetta vanta? Af hverju ekki?


Hvað borðar kötturinn?


Hvað segir kötturinn þegar hann er reiður? Hvað segir kötturinn þegar hann langar í eitthvað?

Hvað heitir kattarbarnið? Hvað heitir kattarpabbinn? Hvað heitir kattarmamman?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKA.**
- Gerið hjálparpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:

Gerum hring á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Augu:

Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.


Til hvers eru augun?

Má þau ekki vanta? Af hverju ekki?



Augasteinar:

Tveir litlir punktar inn í augunum.




Nasir:

Tveir punktar hlið við hlið.

Til hvers eru nasirnar?

Purfum við nasir?

Af hverju?




Munnur:

Eitt lítið strik fyrir neðan nasirnar.

Má ekki sleppa munninum?


Af hverju ekki?



Veiðihár:

Tvö skástrik öðrum megin við nasirnar.


Gerið hjálparpunkta. Teljið strikin um leið og þau eru gerð.



Veiðihár (frh.):

Tvö skástrik hinum megin við nasirnar.

Gerið hjálparpunkta. Teljið strikin um leið og þau eru gerð.



Eyru:


Tveir oddar ofan á hausinn.

Til hvers eru eyrun?

Má ekki sleppa þeim?

Nú er hausinn búinn.


Hvað kemur næst?



Háls:

Stutt skástrik frá haus.


Gerið hjálparpunkt.



Búkur:

Einn stór hringur frá hálsinum.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Framfætur:

Tvö jafnlöng skástrik fremst frá bók.

Gerið hjálparpunkta.

**Þarf kötturinn að hafa fætur?
Af hverju?**




Afturfætur:

Tvö jafnlöng skástrik aftast frá bók.

Gerið hjálparpunkta.

**Er kötturinn búinn?
Hvað vantar?**



Rófa:

Eitt bogið strík ekki langt frá rassinum.

Gerið hjálparpunkt á bókinn.

Nú ætlum við að teikna SVÍN og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið SVÍN ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við svín og byrjum á (bendið á hausinn) ... HAUSNUM. Svínið hugsar með hausnum eins og við.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn kominn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja inn það sem við sjáum með (bendið á auga) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – trýni – nasir – munnur – eyru
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Fætur	Framfætur – afturfætur
	Rófa	

ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitlettruðu orðin undir verkferlismyndum.

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu – nasir – munnur – eyru. Má þetta vanta? Af hverju ekki?

Hvað heitir svínapabbinn? Hvað heitir svínamamman?

Hvað heitir svínabarnið?


Eru svínin úti í snjónum? Af hverju ekki?


Hvað borðar svínið?

Hvað segir svínið?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAHPUNKTA.**
- Gerið hjálparpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:

Gerum hring á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Augu:

Tveir litlir hringar inn í hausinn ofarlega.

Til hvers eru augun?


Má ekki sleppa þeim?

Af hverju ekki?




Augasteinar:

Tveir punktar inn í augun.



Trýni:

Einn svolítið stór hringur inn í hausinn.




Nasir:

Tveir litlir hringir inn í trýnið.

Til hvers eru nasirnar?

Má ekki sleppa þeim?

Af hverju ekki?




Munnur:

Stutt strik fyrir neðan trýnið.

Þarf svínið að hafa munn?

Af hverju?




Eyru:

Tveir oddar uppi á hausnum.

Til hvers eru eyrun?

Má ekki sleppa þeim?


Er svínið búið? Hvað vantar?



Búkur:

Einn stór hringur við hliðina á hausnum.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Framfótur:

Skástrik niður frá búknum
framarlega.

Gerið hjálparpunkt.


**Þarf svinið að hafa fætur?
Af hverju?**



Hinn framfóturinn:

Annað skástrik niður frá búknum
framarlega.

Gerið hjálparpunkt.




Afturfótur:

Skástrik niður frá búknum
aftarlega.

Gerið hjálparpunkt.

Er svinið bara með 3 fætur?




Hinn afturfóturinn:

Annað skástrik niður frá búknum
aftarlega.

Gerið hjálparpunkt.

**Er svinið núna búíð?
Hvað vantar?**



Rófa:

Snúið strik frá rassinum.

Gerið hjálparpunkt á búkinn.

Nú ætlum við að teikna HEST og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið HESTUR ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við hest og byrjum á (bendið á hausinn) ... HAUSNUM. Hesturinn hugsar með hausnum eins og við.“

ATH: Spyrjið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn kominn en það vantar eitthvað á hann. Við skulum næst setja inn það sem við heyrum með (bendið á eyru) ... EYRUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nasir – munnur – eyru
	Ennistoppur	
	Háls	Fax
	Búkur	Bak – rass – magi – bringa*
	Fætur	Framfætur – afturfætur
	Hófar	
	Tagl	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletuðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu – nasir – munnur – eyru? Má þetta vanta? Af hverju ekki?

Hvað heitir hestapabbinn – hestamamman – hestabarnið?


Hvað borðar hesturinn?


Hvað heitir húsið sem hesturinn á heima í?

Hvað segir hesturinn?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAHPUNKTA.**
- Gerið hjálparpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:

Gerum sporöskju á blaðið.


Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna.



Augu:


Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.

Parf hesturinn augu? Af hverju?



Augasteinar:


Tveir litlir punktar inn í augun.



Nasir:

Tveir punktar hlið við hlið neðan við augun.


Parf hesturinn nasir? Af hverju?



Munnur:

Eitt lítið strik undir nasirnar.


**Parf hesturinn munn?
Af hverju?**



Eyru:

Tveir oddar ofan á hausinn.

**Parf hesturinn eyru?
Af hverju?**




Ennistoppur:

Þrjú hár niður á ennið.

Teljið jafnóðum og strikin eru teiknuð.

Nú er hausinn búinn.


Hvað kemur næst?



Háls:

Langt skástrik frá hausnum.

Gerði hjálparpunkt.




Fax:

Fjögur skástrik á hálsinn.

Teljið jafnóðum og strikin eru teiknuð.


Nú er hálsinn búinn.

Hvað kemur næst?



Búkur:

Stór sporaskja frá hálsinum. Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna. Nefnið bak, rass, maga og bringu um leið og teiknað er.




Framfætur:

Tvö jafnlöng strik fremst niður frá búknum. Gerið hjálparpunkta.

Má fætuna vanta?


Af hverju ekki?



Afturfætur:

Tvö jafnlöng strik aftast niður frá búknum.

Gerið hjálparpunkta.




Hófar:

Litlir hringir neðst á alla fætuna.

Er hesturinn búinn?

Nei. Hvað vantar?



Tagl:

Fjögur skástrik niður frá rassi.

Teljið jafnóðum og strikin eru teiknuð.

Gerið hjálparpunkt á rassinn.

Nú ætlum við að teikna HUND og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið HUNDUR ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttrar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum).
Dæmi: „Nú teiknum við hund og byrjum á (bendið á hausinn) ...
HAUSNUM. Hundurinn hugsar með hausnum eins og við.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **ÖLL tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn kominn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja inn það sem við sjáum með (bendið á auga) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

*Til hvers eru augu – nasir – munnur – eyru? Má þetta vanta?
Af hverju ekki?*

Hvað borðar hundurinn?

Hvað segir hundurinn þegar hann er reiður?


Hvað segir hundurinn þegar hann er glaður?

Hvað heitir hundabarnið? Hvað heitir hundapabbinn?

Hvað heitir hundamamman?

ATH:


- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞPUNKTA.**
- Gerið hjálparþunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.



O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – trýni – munnur – eyru
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Fætur	Framfætur – afturfætur
	Skott	

ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.


*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkin.



Haus:

Gerum hring á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Augu:

Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.


Parf hundurinn augu?

Af hverju?



Augasteinar:

Tveir litlir punktar inn í augun.




Trýni (nef):

Lítill oddur fyrir neðan augun.


Parf hundurinn nef?

Af hverju?



Trýni (nef) (frh.):

Eitt lítið strik niður úr oddinum.




Munnur:

Lítið strik fyrir neðan trýnið (nefið).

Parf hundurinn munn?

Af hverju?




Annað eyrað:

Bogi á hausinn.

Erum við búin með hausinn?

Hvað vantar?




Hitt eyrað:

Bogi hinum megin á hausinn.

Nú er hausinn búinn.

Hvað kemur næst?




Háls:

Stutt skástrik frá hausnum.

Gerið hjálparpunkt.

Nú er hálsinn búinn.


Hvað kemur næst?



Búkur:

Stór sporaskja frá hálsinum (bringa – magi – bak – rass).

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna.




Framfætur:

Tvö jafnlöng strik fremst frá bók.

Gerið hjálparpunkta.

Má ekki fætuna vanta?

Af hverju ekki?




Afturfætur:

Tvö jafnlöng strik aftast frá bók.

Gerið hjálparpunkta.

Erum við búin með hundinn?

Nei. Hvað vantar?



Skott:

Skástrik ekki langt frá rassinum.

Gerið hjálparpunkt.

Nú ætlum við að teikna FUGL og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið FUGL ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við fugl og byrjum á (bendið á hausinn) ... HAUSNUM. Fuglinn hugsar með hausnum eins og við.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn kominn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja inn það sem við sjáum með (bendið á auga) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – goggur
	Háls	
	Búkur	Bak – rass – magi – bringa*
	Vængur	
	Fætur	
	Stél	

ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu – fætur – vængir – goggur? Þarf þetta að vera á fuglinum? Má ekki bara sleppa þessu? Hvers vegna ekki?

Hvað borðar fuglinn?


Hvað heitir fuglabarnið?


Hvað segir litla fuglabarnið?

Hvað kemur úr fuglinum sem við borðum?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt eftir forminu strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparþunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:

Gerum hring á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.



Augu:


Tveir litlir hringir inn í hausinn.

Augasteinar:

Lítill punktur inn í bæði augun.

Parf fuglinn augu?

Af hverju?




Goggur:

Oddur inn í hausinn.

Til hvers notar fuglinn gogginn?

Nú er hausinn búinn.


Hvað kemur næst?



Háls:

Eitt stutt skástrik frá hausnum.


Gerið hjálparpunkt.



Búkur:

Einn stór hringur frá hálsinum.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Fætur:

Tvö jafnlöng skástrik niður úr búknum.

Gerið hjálparpunkta.

Má ekki fæturna vanta?

Af hverju ekki?




Stél:

Einn lítill oddur aftan á rassinn á búknum.

Er fuglinn búinn?

Hvað vantar?



Vængur:

Einn stór oddur inn í búkinn.

Hvar er hinn vængurinn?

Til hvers eru vængirnir?

Nú ætlum við að teikna KIND og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið KIND ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við kind og byrjum á (bendið á hausinn) ... HAUSNUM. Kindin hugsar með hausnum eins og við.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn kominn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja inn það sem við sjáum með (bendið á auga) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nasir – munnur – eyru
	Horn	
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Ull	Hár
	Fætur	Framfætur – afturfætur
	Dindill	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletuðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað heitir kindapabbinn – kindamamman – kindabarnið?

Hvað segir kindin?

Hvað borðar kindin?

Hvað heitir húsið sem kindin á heima í?

Til hvers eru augu – nasir – munnur – eyru? Má það ekki vanta?


Af hverju ekki?


Kindin er með mikið hár sem heitir ull. Getum við notað ullina? Hvernig?

Hvað gerir kindin með hornunum?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparþunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:

Gerum sporöskju á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna.




Augu:

Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.


Parf kindin augu?

Til hvers?



Augasteinar:

Tveir litlir punktar inn í augunum.




Nasir:

Tveir punktar hlið við hlið fyrir neðan augun.

Parf kindin nasir?

Til hvers?




Munnur:

Eitt lítið strik undir nasirnar.

Parf kindin munn?

Til hvers?




Eyru:

Tveir oddar ofan á hausinn.

Parf kindin eyru?

Til hvers?




Horn:

Tvö bogin strik ofan á hausinn.

Nú er hausinn búinn.


Hvað kemur næst?



Háls:

Stutt skástrik frá hausnum.


Gerð hjálparpunkt.



Búkur:


Stór sporaskja frá hálsinum.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna. Nefnið jafnóðum og teiknað er bak, rass, maga og bringu.



Ull (hár):

Mörg lítil strik í búkinn.




Framfætur:

Tvö jafnlöng strik niður frá búknum fremst.

Gerið hjálparpunkta.

Parf kindin fætur? Af hverju?




Afturfætur:

Tvö jafnlöng strik niður frá búknum aftast.

Gerið hjálparpunkta.

Hvað er nú eftir?




Dindill:

Eitt strik út frá rassinum.

Gerið hjálparpunkt.

BYGGINGAR



Hús með risi

Nú ætlum við að teikna HÚS og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið HÚS ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni). Dæmi: „Nú teiknum við hús. Standa þau á sjó? Nei þau standa á ... JÖRÐINNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (grunnorðaforði) eða undireiningu (ítar-orðaforði) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna eru veggirnir komnir. Við skulum næst setja eitt-hvað svo það rigni ekki á okkur eða ... ÞAKIÐ.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Jörð (gólf)	
	Veggur	
	Þak	
	Gluggi	
	Hurð	Hurðarhúnn
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Þurfum við að búa í húsi? Af hverju?

Verður að vera þak á húsinu? Af hverju?


Má ekki bara sleppa þakinu? Af hverju ekki?

Þurfum við glugga? Af hverju?

Hvernig komumst við inn í húsið okkar?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞPUNKTA.**
- Gerið hjálparpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.







Jörð:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Veggur:
Strik niður á jörð.
Gerið hjálparpunkt.




Veggur (frh.):
Annað jafnlangt strik niður á jörð.
Gerið hjálparpunkt.
Hvar er gólfið?




Þak:
Skástrik niður á vegg.
Gerið hjálparpunkt.
Purfum við þak? Af hverju?




Þak (frh.):
Annað skástrik frá punktinum
niður á hinn vegginn.
Hvernig komumst við inn?
Hvað vantar?




Hurð:
Strik niður á gólf.
Gerið hjálparpunkt.




Hurð (frh.):
Annað jafnlangt strik niður á gólf.
Gerið hjálparpunkt.




Hurð (frh.):
Loka með striki.
Hvernig opnum við?
Hvað vantar?




Hurðarhúnn:
 Lítið þverstrík í hurðina.
 Hvað vantar nú á húsið?




Gluggi:
 Fyrir ofan hurðina. Ekki langt strík
 niður. Gerið hjálparpunkta.
 Til hvers er glugginn?



Gluggi (frh.):
 Strík út á hlið.
 Gerið hjálparpunkt.




Gluggi (frh.):
 Svo strík upp.
 Gerið hjálparpunkt.



Gluggi (frh.):
 Loka með striki.

GRÓÐUR



Eplatré

Blóm

Nú ætlum við að teikna EPLATRÉ og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið EPLA~TRÉ ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni).
Dæmi: „Nú teiknum við tré og byrjum á (verið með mynd af eplatré sem vex upp úr jörð og bendið) ... JÖRÐINN.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er tréð komið en það vantar eitthvað á það. Við skulum næst setja á tréð eitthvað sem við borðum eða ... EPLI.“
Hjálpið með svar EF með þarf.

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Jörð	
	Stofn	
	Laufkróna	Lauf
	Epli	
	Gras	

ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).


Af hverju eru mörg tré ekki með lauf á veturna?


Hvernig eru blöðin á trénu á litinn á sumrin?

Af hverju eru ekki epli á trjánum okkar – eiginlega bara í útlöndunum?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparþunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.







Jörð:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Stofn:
Strik niður á jörðina.
Gerið hjálparpunkt.




Stofn (frh.):
Annað jafnlangt strik niður á jörðina.
Gerið hjálparpunkt.




Laufkróna:
Sporaskja ofan á stofninn.
Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna.



Epli:
Þrír litlir hringir inn í laufkrónuna.
Teljið um leið og þið gerið hvern hring.



Gras:
Þrjú lítil strik öðrum megin við stofninn. Mega ekki fara upp fyrir eða niður fyrir jörð. Gerið hjálparpunkta.
Teljið um leið og strikin eru gerð 1 – 2 – 3.



Gras (frh.):
Þrjú lítil strik hinum megin við stofninn. Mega ekki fara upp fyrir eða niður fyrir jörð. Gerið hjálparpunkta.
Teljið um leið og strikin eru gerð 1 – 2 – 3.

Nú ætlum við að teikna BLÓM og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið BLÓM ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni).
Dæmi: „Nú teiknum við blóm og byrjum á (verið með mynd af blómi sem vex upp úr jörð og bendið) ... JÖRÐINNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er blómið komið en það vantar eitthvað á það. Við skulum næst setja (bendið á laufblað á myndinni sem þið eruð með) ... LAUFBLÖÐ.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Jörð	
	Stöngull	
	Blóm	
	Laufblöð	
	Gras	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Af hverju eru engin blóm úti á veturna?

Hvernig eru blómin á litinn?


Hvað drekka blómin?

Eru blóm inni hjá okkur?

Hvernig geta blómin lifað inni hjá okkur?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmshyggju** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKA.**
- Gerið hjálparþunka á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.







Jörð:
Strik neðst yfir blaðið.




Stöngull:
Strik niður á jörðina.
Gerð hjálparpunkt.




Blómið:
Svolítið stór hringur efst á stöngulinn.
Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Blómið (frh.):
Fimm strik á hringinn, mega ekki fara inn fyrir hringinn. Teljið um leið og hvert strik er dregið. Gerð hjálparpunkta.




Laufblað öðrum megin:
Lítill hringur á stöngulinn.



Laufblað hinum megin:
Annar lítill hringur hinum megin á stöngulinn.




Gras:
Þrjú lítil strik öðrum megin við stofninn. Mega ekki fara upp fyrir eða niður fyrir jörð. Gerð hjálparpunkta.
Teljið um leið og strikin eru gerð 1 – 2 – 3.



Gras (frh.):
Þrjú lítil strik hinum megin við stofninn. Mega ekki fara upp fyrir eða niður fyrir jörð. Gerð hjálparpunkta.
Teljið um leið og strikin eru gerð 1 – 2 – 3.

FARARTÆKI



Fólksbíll

Bátur

Nú ætlum við að teikna BÍL og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið BÍLL ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklinginn til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að götunni). Dæmi: „Nú teiknum við bíl. Hvar skyldi hann nú keyra? Á sjónum? Nei! Hann keyrir á ... GÖTUNNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna eru hjólin komin en það vantar eitthvað á milli þeirra. Við skulum næst setja ... GÓLFIÐ í bílinn.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

	Einingar	Undireiningar
ORÐAFORÐI	Gata	
	Hjól	
	Gólf (botn)	
	Bílhús	Framhlið – afturhlið (skott) – þak – rúða
	Gluggi	Bílstjóragluggi – farþegagluggi
	Hurð	Hurðarhúnn
	Loftnet	
	Ljós	Framljós – afturljós
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Þurfum við bíl? Af hverju?

Verður að vera þak á bílnum? Af hverju?

Þurfum við glugga á bílinn? Af hverju?


Þurfum við að hafa ljós á bílnum? Má ekki bara sleppa því?


Af hverju ekki?

Hvernig komumst við inn í bílinn okkar?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞPUNKTA.**
- Gerið hjálparþpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.







Gata:
Strik yfir blaðið neðst.




Hjól:
Tveir jafnstórir hringir á götuna.
Byrjið að gera hringinn á götunni, ekki fyrir ofan og ekki fyrir neðan.
Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.
Til hvers eru hjólin?




Gólf (botn):
Strik á milli hjólanna.
Þarf að vera gólf í bílnum?
Af hverju?




Gólf (botn) (frh.):
Lítil strik út frá hjólum.
Gerið hjálparpunkta.




Bílhús:
Stutt strik niður á gólf.
Gerið hjálparpunkt.




Rúða í bílhúsi:
Skástrik upp.
Gerið hjálparpunkt.



Þak á bílhúsi:
Beint strik sem nær jafnt langt og gólfíð. Gerið hjálparpunkt.
Þurfum við að hafa þak á bílnum?
Af hverju?



Afturhlið (skott) á bílhúsi:
Strik niður á gólf.




Framljós:

Bogi framan á bílinn.

Þarf nokkuð að hafa ljós á bílnum?

Af hverju?




Afturljós:

Bogi aftan á bílinn.

Til hvers eru afturljós?

Er bíllinn búinn? Nei.


Hvernig komumst við inn í bílinn?



Hurð:

Strik niður á gólf.


Gerið hjálparpunkt.



Hurð (frh.):

Strik út á hlið.


Gerið hjálparpunkt.



Hurð (frh.):

Strik niður á gólf.

Hvernig opnum við dyrnar?




Hurðarhúnn:

Stutt strik á hurðina.

Er bíllinn búinn núna?

Nei. Hvað vantar?




Bílstjóragluggi:

Strik niður frá þaki. Gerið hjálparpunkt.


Þarf bílstjórinn að hafa glugga?

Af hverju?



Bílstjóragluggi (frh.):


Strik út á hlið.



Farþegagluggi:

Strik út á hlið.


Gerið hjálparpunkt.



Farþegagluggi (frh.):

Strik niður.


Gerið hjálparpunkt.



Farþegagluggi (frh.):

Strik til hliðar.


Gerið hjálparpunkt.



Farþegagluggi (frh.):

Loka með striki.

Til hvers er gluggi?



Loftnet:

Stutt strik upp úr þakinu.

Til hvers er loftnet?

Nú ætlum við að teikna BÁT og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið BÁTUR ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklinginn til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að götunni). Dæmi: „Nú teiknum við bát. Hvar skyldi hann nú sigla? Á götunni? Nei! Hann siglir á ... SJÓNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálp** með svar **EF með þarf**.

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er sjórinn búinn en það vantar eitthvað á hann. Við skulum næst setja ... SKROKKINN.“ **Hjálp** með svar **EF með þarf**.

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Sjór	
	Skrokkur	Stefni – skutur – borðstokkur
	Mastur	
	Stýrishús	Gluggi – þak
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið


Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).


Hvar siglir bátur?

Til hvers notum við bátinn?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparpunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.







Sjór:
Hlykkjött strik yfir blaðið neðst.




Stefni á skrokk:
Skástrik niður á sjóinn.
Gerð hjálparpunkt.




Skutur á skrokk:
Annað skástrik niður á sjóinn.
Gerð hjálparpunkt.




Borðstokkur á skrokk:
Loka með striki á milli punkta.




Stýrishús:
Tvö jafnlöng strik niður á
borðstokk.
Gerð hjálparpunkta.



Þak á stýrishúsi:
Strik á milli punkta.
Þarf að vera þak á stýrishúsi?
Af hverju?






Mastur:
Nokkuð langt strik upp.
Gerð hjálparpunkt.



Gluggi á stýrishús:
Teiknið gluggann strik fyrir strik frá
hjálparpunktum – niður – til hliðar –
upp – loka.
Til hvers er glugginn?

JÓL



Jólatré

Jólasveinn

Kerti

Nú ætlum við að teikna JÓLATRÉ og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið JÓLA~TRÉ ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklinginn til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að standinum). Dæmi: „Nú teiknum við jólatré. Á hverju skyldi það nú standa? Það stendur á ... STANDI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er tréð búið en það vantar eitthvað á það. Við skulum næst gera ... SKRAUTIÐ.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Greinar	Barr
	Stofn	
	Standur	
	Kúlur	
	Toppskraut	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).


Erum við með jólatré á sumrin? Af hverju ekki?


Hvenær erum við með jólatré?

Hvað setjum við á jólatréð?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparþunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.







Standur:
Stutt strik neðarlega á blaðið.
 Gerið hjálparpunkta.




Stofn:
Strik niður á stand.
 Gerið hjálparpunkt.




Grein:
Stutt strik ofarlega á stofninn.
 Gerið hjálparpunkta.




Barr:
Tvö stutt strik á greinina sitt hvorum megin við stofninn.
 Teljið um leið og strikin eru gerð.




Önnur grein:
Langt strik á stofninn.
 Gerið hjálparpunkta.



Barr:
Þrjú strik á greinina sitt hvorum megin við stofninn.
 Teljið um leið og strikin eru gerð.



Kúlur á greinarnar:
Hringir á enda greinanna.
 Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringina.



Toppskraut:
Hringur ofan á stofninn.
 Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.

Nú ætlum við að teikna JÓLASVEIN og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið JÓLA~SVEINN ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklinginn til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við jólasvein og byrjum á (bendið á hausinn) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálpíð með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga) ... AUGUN.“ **Hjálpíð með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nef – munnur – eyru – skegg
	Húfa	
	Búkur (peysa)	Bringa – magi (sést ekki; bak – rass)*
	Handleggir (ermar)	
	Hendur	Lófar – fingur
	Fótleggir (buxur)	
	Fætur (skór)	
	Poki	

ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið


Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).


Til hvers eru augu – eyru – nef – munnur – hendur – fætur?

Hvað er jólasveinninn með í pokanum?

ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA.**
- Gerið hjálparþunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Haus:


Gerum hring á blaðið.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Augu:

Tveir hringir hlið við hlið inn í hausinn.




Augasteinar:

Tveir punktar í augun.



Nefið:


Stutt strik niður á milli augnanna.
Til hvers er nefið?



Munnur (brosandi):

Bogið strik fyrir neðan nefið.


Má ekki sleppa munninum?
Af hverju ekki?



Eyru:

Bogar á hausinn sitt hvorum megin.


Til hvers eru eyrun?
Purfum við eyru? Af hverju?



Skegg:

Oddur niður af hausnum.


Gerið hjálparpunkt.




Skegg (frh.):

Beint strik yfir munninn.


Nokkur strik í skeggið.




Húfa:
Oddur upp af hausnum.
Gerið hjálparpunkt.




Búkur (peysa): (bringa – magi (bumba))
Stór hringur fyrir neðan hausinn.
Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.
Hvar er bakið og rassinn?




Handleggur (ermi):
Skástrik frá búknum.
Gerið hjálparpunkt.




Hinn handleggurinn (hin ermin):
Annað skástrik alveg eins hinum megin.
Gerið hjálparpunkt.
Er jólasveinninn búinn?
Hvað er eftir?




Hönd – lófi:
Hringur neðst á handlegginn.
Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Hin höndin – hinn lófinn:
Hringur neðst á hinn handlegginn.
Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.




Fingur:
Fimm stutt strik á höndina.
Takið einn finger í einu og teljið um leið og strikin eru gerð. Gerið hjálparpunkta.




Fingur á hina höndina:
Fimm stutt strik á hina höndina.
Takið einn finger í einu og teljið um leið og strikin eru gerð. Gerið hjálparpunkta.




Fótleggur (buxur):
Strik niður af búknum.
 Gerið hjálparpunkt.




Hinn fótleggurinn (buxur):
Jafnlangt strik niður af búknum.
 Gerið hjálparpunkt.



Fótur (skór):
Sporaskja (eða hringur) neðst á fótlegginn.
 Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna.



Hinn fóturinn (skór):
Sporaskja (eða hringur) neðst á hinn fótlegginn.
 Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna.



Poki:
Stór hringur við aðra höndina.
 Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda hringinn.

Nú ætlum við að teikna JÓLAKERTI og það verður sko gaman

Látið einstaklinginn endurtaka orðið JÓLA~KERTI ef hann getur

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklinginn til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að greininni). Dæmi: „Nú teiknum við jólakerti og byrjum á ... GREININNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (grunnorðaforði) eða undireiningu (ítar-orðaforði) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er kertið búið en það vantar að kveikja á því. Næst skulum við teikna ... LOGANN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Grein	
	Kerti	
	Kveikur	
	Logi	
	Geislar	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		


Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið


Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Eru kerti hættuleg þegar búið er að kveikja á þeim? Af hverju?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞPUNKTA.**
- Gerið hjálparþunkta á blað einstaklingsins til að stýra lengd og stefnu strika.






Grein:

Skástrik með fimm litlum strikum.

Teljið jafnóðum 1 – 2 – 3 – 4 – 5.


Gerið hjálparpunkta.



Kerti:


Tvö strik hlið við hlið upp af grein.

Gerið hjálparpunkta.



Kerti (frh.):


Loka á milli punkta.



Kveikur:

Lítið strik upp úr kertinu.


Gerið hjálparpunkt.



Logi:

Sporaskja ofan á kveikinn.

Styðjið létt við hendi einstaklingsins svo hann hafi stjórn á að mynda sporöskjuna.



Geislar:

Fjögur strik út frá loganum.

Teljið um leið og strikin eru gerð.

Gerið hjálparpunkta.

Fyrir getumeiri einstaklinga

Einstaklingar sem eru farnir að geta séð að tvær línur eru fyrir handlegg og fótlegg en ekki bara ein lína. Þessir einstaklingar þurfa mun minni hjálp en þeir getuminnstu. Þannig þurfa þeir mun minni – ef nokkra – handstýringu og notkun hjálparpunkta er höfð í lágmarki. Hjálparpunkta gæti þurft við gerð ferhyrninga. Hér gætu fáir nemendur verið saman í hóp.

Tölvuteikningar: Ásdís Ívarsdóttir

Muna markmiðin

- Kenna munnlegan **orðaforða** gegnum teikningu.
- Þjálfar upp **samvinnu**.
- Fara eftir **fyrirmælum** (ekki gera meira eða öðruvísi en beðið var um).
- Þjálfar upp **fínhreyfingar**.
- Þjálfar upp **vandvirkni**.
- Þjálfar upp **eftirtekt**.
- Þjálfar upp **athygli**.
- Þjálfar upp **hlustun**.
- Eflar **rökhugsun**.
- Auka **þekkingu**.
- Sjá **einingar í heildarmynd og hlutverk þeirra**.

Innlagður orðaforði

Teikning	Form – strik/línur	Fjöldahugtök	Stærð – lengd	Rúmskynjun
<i>1 – Fólk</i>	Hringur	1 – 2 – 3 – 4 – 5	Jafnstutt – jafnlangt – jafnhátt	Endi – byrjun
Manneskja	Punktur	6 – 7 – 8 – 9 – 10 – 11 – 12	Langur – lengri – lengstur	Beinn – boginn
Fótboltakrakki	Sporaskja	13 – 14 – 15 – 16	Stuttur – styttri – stystur	Hægri – vinstri
Embættismaður	Ferhyrningur/kassi	Annar – báðir	Helmingur	Í gegnum
Dansari	Þríhyrningur	Mörg – fá – nokkur	Helmingi minna – helmingi meira	Utan um
Prinsessa	Ferningur	Bæði	Örlitill – pínulítill – svolítill	Miðja
		Hvor fyrir sig	Stór – stærri – stærstur	Á milli
<i>2 – Dýr:</i>	Beint strik		Lítill – minni – minnstur	Upp úr – upp af – upp frá
Köttur	Bogið strik			Upp í – upp fyrir – upp á
Svín	Skástrik			Út frá – út úr
Hestur	Hlykkjótt strik			Út fyrir – út á hlið
Hundur	Þverstrik			Upp fyrir – niður fyrir
Fugl	Tengistriki			Upp að – upp á
Kind	Snúin lína (strik)			Yfir – undir
Kýr	Jafnlangt strik			Ofarlega – neðarlega
Fiskur	Hallandi strik			Utarlega – aftarlega
				Fyrir neðan – fyrir ofan
<i>3 – Byggingar</i>	Bogi			Að ofan – að neðan
Hús með risi	Tengibogi			Framan við – aftan við
Kirkja	Oddur			Framan á – aftan á
	Lykkja			Fremri – aftari


Innlagður orðaforði frh.

Teikning				Rúmskynjun
<i>4 – Gróður</i>				Framarlega – aftarlega
Tré				Fremst – aftast
Blóm				Fram fyrir
				Efst – efri
<i>5 – Farartæki</i>				Neðst – neðri
Fólksbíll				Neðan á – við
Flutningabíll				Niður úr – niður frá
Bátur				Niður af – niður á
Skip				Innan í – inn í – inn á
Reiðhjól				Innan – utan
Flugvél				Hinum megin – öðrum megin
				Sitt hvorum megin
<i>6 – Vinnuvélar</i>				Hvor á móti
Traktor				Hlið við hlið
Grafa				Við hliðina á
				Sinn á hvorn
<i>7 – Jól</i>				Þvert yfir – þvert á
Jólatré				Bil (á milli)
Jólasveinn				Næstur
Kerti				
Jólastjarna				

SÝNISHORN – „Reiðhjól“ er tekið fyrir á bls. 167





Fyrirmæli

Blað

Á hverju byrjum við? Byrjum á götunni. Gata: Strik þvert yfir blaðið neðst.	
Hvað kemur næst?	
Eitthvað sem rúllar hjólinu áfram ekki satt? Hjólin: Tveir jafnstórir hringir ofan á götuna (byrjið með hringferilinn á götunni).	
Við verðum að gera bæði dekk og gjörð. Hvernig gerum við dekk og gjörð?	
Gjörð: Tveir jafnstórir hringir innan í hina hringina sem búið er að gera. Núna eru komin dekk á gjarðirnar.	
Hvað kemur næst?	
Punktur inn í miðjuna á hjólunum. Teinar: Kross inn í gjörðina gegnum miðjupunktinn. Teinar (frh.): Annar kross líka í gegnum miðjupunktinn.	
Hvað eru þá komnir margir teinar í eina gjörð? En í báðar gjarðirnar?	
Hvað er innan í dekkjunum? Það heitir slanga .	
Hvað er inni í slöngunni? Loft.	
Hvernig setjum við loft í slönguna? Í gegnum ventil.	
Ventill: Mjög lítill kassi á báðar gjarðirnar.	
Núna eru hjólin búin.	
Hvað kemur næst?	

Fyrirmæli

Blað

Hvernig stjórnnum við hjólinu? ... Með stýrinu.	
Stýrisstöng: Skástrik upp frá miðjupunktinum í framhjólínu. Stýri: Þverstrik ofan á stýrisstöngina.	
Hvar sitjum við á hjólinu? Hvað heitir það nú?	
Sætisstöng: Frekar stutt strik upp frá punktinum í afturhjólínu. Sæti: Mjög stutt þverstrik ofan á sætisstöngina. Sæti (frh.): Einn bogi ofan á þverstrikið.	
Þá er stýri og sæti búið.	
Hvað kemur næst?	
Nú verðum við að setja eitthvað sem snýr hjólunum? Stóra keðjuhjólíð: Lítill hringur á milli hjólanna. Setjum svo punkt í miðjuna á þessu hjóli. Litla keðjuhjólíð: Annar enn minni hringur utan um miðjupunktinn í afturhjólínu.	
Er þetta nóg? Hvað vantar?	
Eitthvað sem getur snúið keðjuhjólunum. Keðja: Þræða línu/strik utan um stóra og litla keðjuhjólíð.	


Fyrirmæli

Blað

En hvernig eigum við að snúa keðju-hjólunum? Hvað vantar?

Fótstig (pedali): Strik í gegnum punktinn á stóra keðjuhjólinu. Strikið fer upp fyrir keðjuhjólið og líka niður fyrir það.

Fótstig (pedali) (frh.): Lítil þverstrik á sitt hvorn endann á strikinu.



Nú er keðjubúnaður búinn.

Erum við búin með hjólið?

Nei, nei, við verðum að festa hjólið saman.

Hvað kemur þá næst?


Næst kemur stellið. Stell eru stangirnar sem halda hjólinu saman.

Stöng: Þverstrik milli stýristangar og sætisstangar ofarlega. ①

Stöng (frh.): Skástrik frá miðju keðjuhjólsins og upp í stýrisstöngina. ②

Stöng (frh.): Annað skástrik frá miðju keðjuhjólsins og upp í sætisstöngina. ③


Stöng (frh.): Eitt þverstrik frá miðju keðjuhjólsins og í punktinn í afturhjólunni. ④



Þá er stellið búið.

Hvað kemur þá næst?

Bretti: Tveir bogar annar yfir framhjólið og hinn yfir afturhjólið.



Fyrirmæli

Blað

En til hvers eru brettin?

Brettin passa að dekkinn spýti ekki drullu og steinum á okkur.

Þá eru brettin búin.

Erum við búin með hjólið?

Hvað vantar? Hvernig eigum við að geta hjólað í myrkri?

Það vantar ljós.

Framljós: Einn þríhyrningur (munið strik fyrir strik) framan á stýrisstöngina.

Er nóg að hafa bara framljós?

Nei, það vantar afturljós En til hvers er afturljósið? Má ekki bara sleppa því?

Afturljós: Bogi neðst aftan á afturbrettið.




Erum við núna búin með hjólið?

Nei. Hvernig eigum við að láta fólk vita að við erum að hjóla framhjá því?


Hvað vantar á hjólið?

Bjalla: Einn lítill hringur ofan á stýrið með litlu striki.

Til hvers er bjallan?



FÓLK




Manneskja




Fótboltakrakki



Embættismaður



Dansari



Prinsessa

Nú ætlum við að teikna MANNESKJU og læra fullt af nýjum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið MANN~ESKJA ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við manneskju og byrjum á því sem við hugsum með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrjið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – augabrúnir – nef – munnur – eyru – hár
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass – axlir – mitti*
	Peysa	Ermar – hálsmál
	Handleggir	Handarkrikar
	Hendur	Lófar – fingur
	Fótleggir	
	Fætur	Tær (tásur) – skór
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletuðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað er fólk?

Er allt fólk eins á litinn?

Hvað getum við gert með fótunum annað en að labba?

Hvað getum við gert með fingrunum?


Hvað getum við gert með munninum?


Hvað getum við gert með nefinu – augunum – eyrunum?

Hvað getum við gert sem dýrin geta ekki?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafn-óðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞPUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Haus:
Gerum hring ofarlega á mitt blaðið.




Augu og augasteinar:
Tveir hringir hlið við hlið ofarlega inn í hausinn. Augasteinar eru tveir punktar inn í augunum.
Til hvers eru augun?




Augabrúnir:
Tveir bogar yfir augunum.




Nef:
Byrja milli augnanna og gera strik niður. Síðan lítið strik út á hlið.
Má nefið vanta? Af hverju ekki?




Munnur (brosandi):
Bogi upp fyrir neðan nefið.
Til hvers er munnurinn?




Eyru:
Bogar sitt hvoru megin á hausinn.
Má eyrun vanta? Af hverju ekki?




Hár:
Sex hár ofan á hausinn. Ath. látið strikin koma við kollinn, hvorki of löng né of stutt.
Nú er hausinn kominn. Hvað kemur næst?




Háls:
Tvö jafnstutt strik niður frá hausnum.
Til hvers er hálsinn?




Axlir:
Tvö jafnlöng strik út frá hálsinum.




Búkur:
Stórt U (bogi fyrir neðan axlir).
Gera ráð fyrir handarkrika.




Mitti:
Strik þvert yfir miðjan búkinn.
Nú eru komnar buxur.




Hálsmál:
Einn bogi fyrir neðan háls.




Annar handleggurinn:
Tvö jafnlöng skástrik frá búknum.




Hinn handleggurinn:
Alveg eins tvö skástrik hinum
megin frá búknum.



Lófar:
Hringir neðst á handleggina.




Fingur á annarri hendinni:
Fimm ekki löng strik frá lófanum.
Teljið jafnóðum strikin hvert fyrir sig
1 – 2 – 3 – 4 – 5.
Til hvers eru fingurnir?



Fingur á hinni hendinni:

Fimm ekki löng strik frá lófanum.


Teljið jafnóðum strikin hvert fyrir sig
1 – 2 – 3 – 4 – 5.



Ermar:


Tvö strik yfir handleggina.

Nú er bolurinn kominn.




Annar fótleggurinn:

Ein löng lykkja niður frá búknum.



Hinn fótleggurinn:


**Önnur alveg eins lykkja við hliðina
á hinni niður frá búknum.**



Fætur á fótleggina:

Sporöskjur neðst á fótleggina.


Til hvers eru fæturnir?



Tær (tásur):

Fimm örlítil strik á vinstri fótinn.

Teljið jafnóðum strikin hvert fyrir sig
1 – 2 – 3 – 4 – 5.



Tær (tásur) (frh.):

Fimm örlítil strik á hægri fótinn.

Teljið jafnóðum strikin hvert fyrir sig
1 – 2 – 3 – 4 – 5.

Nú ætlum við að teikna FÓTBOLTAKRAKKA og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið FÓT~BOLTA~KRAKKI ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttrar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við fótoltakrakka og byrjum á því sem við hugsum með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaförði**) eða undireiningu (**ítar-orðaförði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFÖRÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – augnalok – augnahár – augabrúnir – nef – munnur – eyru – hár
	Háls	
	Bolur (búkur)	(Bringa – magi – bak – rass*) – hálsmál
	Handleggir	Olubogar – framhandleggir – upphandleggir
	Hendur	Handarbök – lófar – fingur
	Fótleggir	Hné – kálfar
	Fætur	
	Bolti	

ATH! Orðaförðinn eru svörtu feitletuðu orðin undir verkferlismyndum.

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkin.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu? Má þau ekki vanta? Af hverju ekki?

Til hvers er nef? Má það ekki vanta? Af hverju ekki?

Til hvers er munnur? Má hann ekki vanta? Af hverju ekki?

Til hvers eru eyru? Má þau ekki vanta? Af hverju ekki?

Til hvers er hár?

Til hvers eru fætur? Má þá ekki vanta? Af hverju ekki?

Til hvers eru hendur? Má þær ekki vanta? Af hverju ekki?

Af hverju má fótoltinn ekki vera eins og kassi í laginu?

Hvað eru mörg lið sem spila saman í fótolta?


Hvað á markmaðurinn að gera?


ATH:

– Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.


– Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**

– Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Haus:
Gerum hring ofarlega á blaðið.
Hvað kemur inn í hausinn?




Augu:
Tveir hringir inn í hausinn.
Til hvers eru augun?




Augnalok:
Tvö lítil þverstrik inn í augun.
Til hvers eru augnalokin?




Augnahár:
Þínulítil strik á augnlokin.




Augasteinar:
Tveir punktar inn í augun neðan við augnalokin.




Augabrúnir:
Tveir bogar yfir augum.



Nef:
Eitt strik milli augnanna (með litlu striki á endanum).
Til hvers er nefið?



Munnur (brosandi):
Bogastrik undir nefinu.
Til hvers er munnurinn? Má hann ekki vanta? Af hverju ekki?




Eyru:

Tveir bogar sitt hvorum megin á hausinn.

Til hvers eru eyrun?

Má þau ekki vanta?

Af hverju ekki?




Hár:

Átta strik ofan á hausinn.

Ath. látið strikin koma við kollinn, hvorki of löng né of stutt.

Teljið jafnóðum 1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6 – 7 – 8.



Hár (frh.):


Þrjú strik undir eyrunum sitt hvoru megin.

Ath. látið strikin koma við kollinn, hvorki of löng né of stutt.

Teljið jafnóðum 1 – 2 – 3.

Þá er hausinn búinn?

Hvað kemur næst?




Háls:

Tvö stutt jafnlöng strik niður af hausnum.

Þá er hálsinn búinn.


Hvað kemur næst?

Til hvers er hálsinn? Má hann ekki vanta? Af hverju ekki?



Bolurinn (búkur):

Tvö jafnlöng skástrik niður frá hálsinum ekki of löng.




Bolurinn (frh.):

Tengibogi milli skástrika.

Nefnið bringu, maga, bak og rass.


Þá er búkurinn búinn.

Hvað kemur næst?



Annar fótleggurinn:

Tvö jafnlöng strik niður frá bók.




Hinn fótleggurinn (með hné og kálfa):

Fyrst lærið. Tvö skástrik neðst út frá maga. Svo kemur hné og kálfi:


Tvö skástrik niður frá lærinu.

Verðum við að hafa hné? Af hverju?


Hvað kemur næst?




Fætur:
Tvær sporöskjur neðan á
fótleggina.
Pá eru fæturnir búnir.
Hvað kemur næst?




Annar handleggurinn:
Tvö jafnlöng skástrik út frá
búknum.




Hinn handleggurinn –
Upphandleggur:
Tvö jafnlöng strik inni í búknum.




Olmbogi og framhandleggur:
Tvö jafnlöng skástrik niður frá
upphandleggnum. Loka með striki
á báðum handleggjum.
Pá eru ermar komnar.
Hvað kemur næst?




Hendur – handarbök og lófar:
Lykkjur á endann á báðum hand-
leggjum.
Útskýrið handarbök og lófa.



Fingur:
Fimm strik á hvora hendi.
Teljið um leið og þið gerið strik
1– 2 – 3 – 4 – 5.



Hálsmál:
Bogi neðst á hálsi.
Nú er kominn bolur.
Purfum við hálsmál?
Af hverju?



Fótbolti:
Hringur fyrir ofan fót.

Nú ætlum við að teikna LÖGREGLUSTJÓRA – FLUGSTJÓRA – SKIPSTJÓRA – HERFORINGJA og læra fullt af nýjum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið LÖG~REGLU~STJÓRI ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við lögreglustjóra og byrjum á því sem við hugsum með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – augnalok – nef – munnur – eyru
	Húfa	Der – húfukollur
	Háls	
	Jakki	Hálsmál – axlir – ermar – jakkabólur – handarkriki – jakkaopnun/lokun – jakkalaf
	Hendur	Hnefar
	Buxur	Skálmar – skálmaendar
	Skór	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitlettruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu?

Til hvers eru eyru?

Til hvers er nef?

Til hvers er munnur?

Til hvers er húfa?

Til hvers er der á húfu?


Hverju stjórnar: Lögreglustjóri – flugstjóri – skipstjóri – herforingi


Eru herforingjar til á Íslandi?

Af hverju ekki?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Haus:
Bogi eins og U ofarlega á miðju blaði.




Der á húfu:
Tengistrik efst á hausinn til að loka.




Der á húfu (frh.):
Bogi niður á ennið.




Húfukollur:
Tvö lítil jafnlöng skástrik upp af derinu.




Húfukollur:
Loka með þverstriki.




Augu:
Tveir hringir inn í hausinn fyrir neðan derið.
Til hvers eru augun?




Augasteinar:
Tveir punktar inn í augun.




Augnalok:
Tvö strik í augun yfir augasteinana.




Nef:
Eins og stafurinn L.
Má nefið ekki vanta?
Af hverju ekki?




Munnur (brosandi):
Bogi fyrir neðan nef.
Til hvers er munnur?




Eyru:
Tveir bogar sitt hvorum megin á
hausinn.
Til hvers eru eyru? Þá er hausinn
búinn? Hvað kemur næst?




Háls:
Tvö stutt en jafnlöng strik niður úr
miðjum hausnum.
Til hvers er hálsinn?




Axlir á jakka:
Tvö jafnlöng stutt strik út frá
hálsinum.




Ermar á jakka:
Tvö jafnlöng skástrik niður frá
öxlum.



Ermar (frh.):
Stytttri skástrik því við erum með
handarkrika.
Útskýrið handarkrika.




Ermar á jakka (frh.):
Loka ermunum með þverstrikum.




Jakkabólur:

Tvö jafnlöng bein strik niður frá handarkrika.




Hálsmál:

V laga hálsmál við háls.



Jakkaopnun/lokun:

Strik niður úr hálsmálinu.




Jakkalafið:

Þverstrik neðst á jakkann.

Er lögreglustjórinn búinn?


Hvað vantar?



Hendur – hnefar:


Tvær lykkjur neðst á ermarnar.

Útskýrið hnefa.




Buxur – Skálmar:

Þrjú jafnlöng strik – eitt í miðjunni – frá jakkanum og niður.



Skálmaendar:

Loka með þverstriki að neðan.



Skór:

Tvær sporöskjur neðan á skálmarnar.

Af hverju þurfum við að vera í skóm?

Nú ætlum við að teikna DANSARA og læra fullt af nýjum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið DANSARI ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við dansara og byrjum á því sem við hugsum með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrjið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

	Einingar	Undireiningar
O R Ð A F O R Ð I	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nef – munnur – eyru
	Húfa	
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Hendur	Fingur
	Ermur	Ath! Handleggir í ermum
	Skálmur	Ath! Fótleggir í skálum
	Fætur	

ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu?

Til hvers eru eyru?


Til hvers er nef?


Til hvers er munnur?

Hvað er dans?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Haus:
Gerum sporöskju ofarlega á mitt blaðið.




Augu og augasteinar:
Tveir hringir hlið við hlið í hausinn með tveimur punktum inn í.
Til hvers eru augun?




Nef:
Eins og stafurinn L.
Til hvers er nef?




Munnur (brosandi):
Bogastrik undir nefið.
Má munninn vanta?
Af hverju ekki?




Eyru:
Tveir bogar sitt hvorum megin á hausinn.
Til hvers eru eyrun?




Húfa:
Bogastrik fyrir ofan augun.
Nú er hausinn búinn.
Hvað kemur næst?




Háls:
Tvö stutt jafnlöng strik niður frá hausnum.
Til hvers er hálsinn? Nú er hálsinn búinn. Hvað kemur næst?




Búkur:
Pylsa frá hálsi.
Nefnið bringu, maga, bak og rass.
Nú er búkurinn búinn.
Hvað kemur næst?




Skálm með fótlegg í:
Tvö jafnlöng skástrik frá bók.
Loka með striki.




Hin skálmin með fótlegg í:
Tvö jafnlöng skástrik frá bók. Loka með striki.
Þá eru fótleggir búnir.
Hvað kemur næst?




Fætur:
Tvær sporöskjur neðan á fótleggina.
Nú eru fætur búnir.
Hvað kemur næst?




Ermi með handlegg í:
Tvö jafnlöng skástrik út frá öxl.
Loka ermi með striki.




Hin ermin með handlegg í:
Tvö jafnlöng skástrik niður frá öxl.
Loka ermi með striki.
Þá eru handleggir búnir.
Hvað kemur næst?



Hendur:
Tveir hringir neðst á handleggji.
Útskýrið lófa og handarbak.



Fingur:
Fimm stutt strik á aðra höndina,
mega ekki fara inn fyrir hringinn.
Teljið jafnóðum 1 – 2 – 3 – 4 – 5.



Fingur (frh.):
Fimm stutt strik á hina höndina.
Teljið jafnóðum 1 – 2 – 3 – 4 – 5.
Hvað erum við með marga fingur á báðum höndum?

Nú ætlum við að teikna PRINSESSU og læra fullt af nýjum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið PRINS~ESSA ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við prinsessu og byrjum á því sem við hugsum með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **Öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað er prinsessa?

Hvar á prinsessa heima?

Hvað er pabbi prinsessunnar kallaður?

Hvað er mamma prinsessunnar kallaður?

Hvað er bróðir prinsessunnar kallaður?


Er til prinsessa á Íslandi?

Af hverju er engin prinsessa á Íslandi?

Til hvers er munnur, augu, augnalok, eyru, nef, hár?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.




O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – augnalok – augnhár – auga-brúnir – nef – munnur – efri vör – neðri vör
	Hár	
	Kóróna	
	Háls	
	Kjóll	Bolur – hálsmál – axlir – púffermar – ermar – ermaendar – mitti – pils – pilsfaldur
	Handleggir	Ath! Í ermum
	Hendur	
	Skór	


ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.




Haus:
Gerum hring ofarlega á mitt blaðið.




Hárið:
Tveir bogar efst í hausinn.




Augu:
Tveir litlir hringir fyrir neðan hárið.




Augnalok:
Tvö lítil þverstrik í augun.




Augnhár:
Þrjú pínulítill strik á bæði augnalokin.
Teljið jafnóðum 1 – 2 – 3.



Augasteinar:
Tveir pínulitlir punktar fyrir neðan augnlokin.



Augabrúnir:
Tveir bogar yfir augun.



Kóróna:
Tvö stutt skástrik upp af hausnum.



Kóróna (frh.):
Oddar á milli skástrikanna.



Nef:
Eins og stórt L.
Til hvers er nefið?



Efri vör:
Tveir litlir bogar.



Neðri vör:
Bogi.
Hvað gerum við með vörunum?
Hvað kemur næst á eftir hausnum?



Hálsinn:
Tvö stutt strik niður frá hausnum.
Til hvers er hálsinn?
Hvað kemur næst?




Axlir:
Stutt strik út frá hálsinum.
Hvað kemur næst á eftir
öxlunum?




Bolurinn á kjólnum:
Tvö jafnlöng strik niður frá
öxlunum.




Mitti:
Þverstrik.




Hálsmál:
Bogi neðst á hálsinum.
Til hvers er hálsmál?




Púffermar:
Tveir stórir hringir við axlirnar.
Hvað kemur næst?




Handleggir í ermun:
Tvö jafnlöng skástrik út úr hvorri púffermi.




Ermaendar:
Strik sem loka ermunum.
Hvað kemur næst?




Hendur:
Lykkjur við endana á handleggjunum.
 Útskýrið lófa, handarbak og hnefa.
Hvað kemur næst?



Pils:
Tvö jafnlöng skástrik niður frá mittinu.











Pilsfaldur:
Lokað með þverstriki.
Hvað kemur næst?



Skór:
Tveir hringir niður úr miðjum pilsfaldinum.

DÝR



Köttur

Svín

Hestur

Hundur

Fugl

Kind

Kýr

Fiskur

Nú ætlum við að teikna KÖTT og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið KÖTTUR ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttrar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við kött og byrjum á því sem hann hugsar með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – trýni – munnur – eyru – veiðihár
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Fætur	Framfætur – afturfætur – klær
	Rófa	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað borðar kötturinn?

Hvað heitir hljóðið sem kötturinn segir? Þegar hann vill fá eitthvað? Þegar honum líður vel? Þegar hann er reiður?

Hvað heitir kattarbarnið (afkvæmið)?

Hvað heitir kattarpabbinn?

Hvað heitir kattarmamman?


Til hvers eru veiðihárin?


Með hverju klórar kötturinn?

Til hvers eru augu, nasir, eyru og munnur?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞPUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Haus:
Gerum hring ofarlega til vinstri á blaðið.




Augu:
Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.
Til hvers eru augu?




Augasteinar:
Tveir litlir punktar inn í augun.




Trýni:
Oddur með lítið strik niður inni í miðjum hausnum.




Munnur:
Lítið strik fyrir neðan trýnið.
Til hvers er munnur?




Eyru:
Tveir oddar upp af hausnum.
Til hvers eru eyru?



Veiðihár:
Þrjú strik ekki mjög löng öðru megin við trýnið. Teljið strikin jafnóðum og þau eru gerð 1 – 2 – 3.
Til hvers eru veiðihár?



Veiðihár (frh.):
Alveg eins þrjú strik hinum megin við trýnið. Teljið strikin jafnóðum og þau eru gerð 1 – 2 – 3.
Nú er hausinn búinn.
Hvað kemur næst?




Háls:

Tvö jafnlöng skástrik út frá hausnum.

Til hvers er háls?

Nú er hálsinn búinn.

Hvað kemur næst?




Búkur:

Dálítið stór hringur út frá hálsinum.

Ath. nefnið bak, rass, maga og bringu.


Nú er búkurinn búinn.

Hvað kemur næst?



Framfætur:

Tvær jafnlangar lykkjur framarlega frá maganum.



Afturfætur:


Tvær jafnlangar lykkjur aftarlega frá maganum.

Til hvers eru fæturnir?

Þurfa þeir að vera?

Erum við búnin að teikna kisu?


Hvað vantar?



Klær:

Þrjú lítil strík neðst á alla fætuna.

Ath. teljið um leið 1 – 2 – 3 fyrir hvern fót.



Rófa:

Svolítið langt bogið strík upp frá rassinum.

Nú ætlum við að teikna SVÍN og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið SVÍN ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við svín og byrjum á því sem það hugsar með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **ÖLL tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað borðar svínið?

Hvað heitir hljóðið sem svínið segir?

Hvað heitir svínabarnið (afkvæmið)?

Hvað heitir svínapabbinn?


Hvað heitir svínamamman?

Hvað gerir svínið með trýninu?

Til hvers eru nasir, augu, eyru og munnur?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.




O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – trýni – nasir – munnur – eyru
	(Háls)	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Fætur	Framfætur – afturfætur – klaufir
	Rófa	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		


*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.




Haus:
Gerum hring vinstra megin á blaðið.




Augu:
Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.
Til hvers eru augun?




Augasteinar:
Tveir litlir punktar inn í augun.




Trýni:
Hringur inn í hausinn fyrir neðan augun.




Nasir:
Tveir punktar inn í trýnið.
**Við þurfum ekki nasir, er það?
Af hverju?**




Munnur:
Lítið strík fyrir neðan trýnið.
**Má ekki munninn vanta?
Af hverju ekki?**




Eyru:
Tveir oddar upp af hausnum.
**Til hvers eru eyru?
Nú er hausinn búinn.
Hvað kemur næst?**




Háls:
Sést ekki en hvar á hann að vera?




Búkur:
Stór sporaskja við hliðina á hausnum.
Nú er búkurinn búinn.
Hvað kemur næst?




Framfætur:
Tvær stuttar jafnlangar lykkjur framarlega á búknum.



Afturfætur:
Tvær stuttar jafnlangar lykkjur aftarlega á búknum.



Klaufir:
Fjögur þverstrik neðarlega á fætur og svo strik upp í klaufirnar.
Ath. teljið jafnframt 1 – 2 – 3 – 4.
Nú eru fæturnir búnir.
Vantar eitthvað? Hvað?



Rófa:
Snúið strik frá rassinum.

Nú ætlum við að teikna HEST og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið HESTUR ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við hest og byrjum á því sem hann hugsar með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrjið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nasir – munnur – eyru
	Ennistoppur	
	Háls	
	Fax	
	Búkur	Bak – rass – magi – bringa*
	Fætur	Framfætur – afturfætur – hófar
	Tagl	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitlettruðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað heitir: Hestapabbinn – hestamamman – hestabarnið (afkvæmið)?

Hvað borðar hesturinn á sumrin?

Hvað borðar hesturinn á veturna?

Hvað heitir húsið sem hesturinn á heima í?

Hvað heitir það sem er sett undir hófana og til hvers er það?

Hvernig notum við hestinn?

Hvað heitir hljóðið sem hesturinn segir?


Til hvers eru augu, nasir, eyru og munnur?


ATH:

– Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.


– Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**

– Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Haus:
Gerum sporöskju vinstra megin ofarlega á blaðið.




Augu:
Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.
Til hvers eru augun?




Augasteinar:
Tveir litlir punktar inn í augun.




Nasir:
Tveir punktar hlið við hlið inn í hausinn neðarlega.
Þarf hesturinn nasir? Af hverju?




Munnur:
Lítið strík fyrir neðan nasirnar.
Til hvers er munnur?




Eyru:
Tveir litlir oddar ofan á hausinn.
Má ekki eyrun vanta? Af hverju ekki?



Ennistoppur:
Þrjú strík niður á ennið.
Teljið um leið og strikin eru gerð 1 – 2 – 3.
Nú er hausinn búinn. Hvað kemur næst?



Háls:
Tvö jafnlöng skástrik út frá hausnum.
Til hvers er hálsinn?




Fax:

Sex strik á hálsinn. Verða að vera inni í hálsinum.

Teljið strikin um leið og þau eru gerð 1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6.

Nú er hálsinn búinn.

Hvað kemur næst?




Búkur:

Sporaskja frá hálsinum.

Ath. taka fram bak, rass, maga, bringu um leið og búkurinn er teiknaður.


Nú er búkurinn búinn.

Hvað kemur næst?




Framfætur:

Tvær lykkjur jafnlangar niður frá maga fremst.



Afturfætur:

Tvær lykkjur jafnlangar niður frá maga aftast.




Hófar:

Þverstrik mjög neðarlega á alla fætuna.

Teljið um leið og teiknað er 1 – 2 – 3 – 4.

Er hesturinn búinn? Hvað vantar?



Tagl:

Gerið punkt á rassinn og teiknið fjögur skástrik frá honum.

Nú ætlum við að teikna HUND og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið HUNDUR ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við hund og byrjum á því sem hann hugsar með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað borðar hundurinn?

Til hvers eru augu, nasir, eyru og munnur?

Hvað heitir hljóðið sem hundurinn segir? Þegar hann vill fá eitthvað eða sér eitthvað skemmtilegt? Þegar hann er reiður?

Hvað heitir hundabarnið (afkvæmið)?


Hvað heitir hundapabbinn?

Hvað heitir hundamamman?

Er hægt að nota hundinn? Hvernig? (sleðahundur – leitarhundur – varðhundur).

ATH:


- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.



O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – trýni – munnur – tunga – veiðihár – eyru
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass*
	Fætur	Framfætur – afturfætur – klær
	Skott	


ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.



Haus:


Gerum hring ofarlega til vinstri á blaðið.



Augu:


Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.

Þarf hundurinn að hafa augu?
Hvers vegna?



Augasteinar:

Tveir litlir punktar inn í augun.




Trýni:

Oddur fyrir neðan augun.

Loka með striki.


Svona form heitir *þríhyrningur*.



Munnur:

Tveir bogar fyrir neðan trýnið.


Til hvers er munnurinn?



Tunga:

Lítill lykkja niður úr munninum.


Til hvers er tungan?



Eyru:

Tveir bogar utan á hausinn.

Til hvers eru eyrun?




Veiðihár:

Þrjú strik ekki mjög löng öðrum megin við trýnið.

Ath. teljið um leið 1 – 2 – 3.

Til hvers eru veiðihárin?




Veðiðhár (frh.):

Alveg eins þrjú strik hinum megin við trýnið.

Ath. teljið um leið 1 – 2 – 3.

Nú er hausinn búinn.

Hvað kemur næst?




Háls:

Tvö jafnlöng skástrik út frá hausnum.

Til hvers er hálsinn?

Nú er hálsinn búinn.

Hvað kemur næst?




Búkur:

Dálítið stór sporaskja út frá hálsinum.

Ath. taka fram um leið og teiknað er bak, rass, maga, bringu.


Nú er búkurinn búinn.

Hvað kemur næst?




Framfætur:

Tvær jafnlangar lykkjur framarlega frá maganum.



Afturfætur:

Tvær jafnlangar lykkjur aftarlega frá maganum.




Klær:

Þrjú mjög stutt strik á hvern fót.

Teljið um leið fyrir hvern fót 1 – 2 – 3.

Er hundurinn búinn? Hvað vantar?



Skott:

Svolítið löng bogin lykkja frá rassinum.

Nú ætlum við að teikna HANA og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið HANI ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við hana og byrjum á því sem hann hugsar með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGAÐ.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Auga – augasteinn – goggur – kambur
	Háls	
	Búkur	
	Vængur	
	Fætur	Klær
	Stél	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitlettruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers er goggur? Þarf þetta að vera á hananum? Hvers vegna?

Til hvers eru augu? Þurfa þau að vera á hananum? Hvers vegna?

Til hvers eru fætur? Þurfa þeir að vera á hananum? Hvers vegna?

Til hvers eru vængir? Þurfa þeir að vera á hananum? Hvers vegna?

Hvað borðar haninn?

Hvað heitir kona hanans? Hvað heitir barnið (afkvæmið)?

Hvað heitir húsið sem haninn á heima í?

Hvað kemur úr hænunni sem við borðum?


Hvað heitir hljóðið sem haninn segir? En hljóðið sem hænna segir?


En hljóðið sem unginn segir?

Verpir haninn eggj? Af hverju ekki?

ATH:


- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.






Haus:

Gerum hring ofarlega til vinstri á blaðið.




Auga og augasteinn:

Einn hringur í hausinn með punkti inn í.
Er haninn bara með eitt auga? Af hverju sjáum við ekki hitt augað?




Goggur:

Oddur með striki í framan á hausinn.




Kambur:

Tvö stutt skástrik jafnlöng upp frá hausnum. Bil á milli.




Kambur (frh.):

Fjórir oddar á milli strikanna (hver oddur gerður fyrir sig). Teljið um leið og oddarnir eru gerðir 1 – 2 – 3 – 4.
Nú er hausinn búinn. Hvað kemur næst?




Háls:

Tvö jafnlöng skástrik niður frá hausnum.
Til hvers er hálsinn? Nú er hálsinn búinn. Hvað kemur næst?




Búkur:

Einn svolítið stór hringur frá hálsinum. Ath. taka fram um leið og teiknað er bak, rass, maga, bringu.
Nú er búkurinn búinn. Hvað kemur næst?




Vængur:


Einn svolítið stór oddur inn í búkinn.
Er haninn bara með einn væng? Af hverju sjáum við ekki hinn? Nú er vængurinn búinn. Hvað kemur næst?



Fætur:
Tvö jafnlöng skástrik niður af
búknum.



Klær:
Tveir oddar sinn á hvorn fót.
Er haninn búinn?
Hvað vantar?



Stél:
Búa til punkt á rassinn. Frá punkt-
inum fjögur bogin löng strik.
Teljið um leið og strikin eru gerð
1 – 2 – 3 – 4.

Nú ætlum við að teikna KIND og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið KIND ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við kind og byrjum á því sem hún hugsar með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **ÖLL tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (grunnorðaforði) eða undireiningu (ítarorðaforði) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Augu – augasteinar – nasir – munnur – eyru
	Horn	
	Háls	
	Búkur	Bringa – magi – bak – rass *
	Ull	Hár
	Fætur	Klaufir
	Dindill	

ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru nasir, augu, eyru og munnur?

Hvað borðar kindin? Á sumrin? Á veturna?

Hvað heitir hljóðið sem kindin segir?

Hvað heitir kindapabbinn, kindamamman, kindabarnið (afkvæmið)?


Hvað heitir húsið sem kindin á heima í?


Getum við notað hárið af kindinni? Í hvað notum við það?

Til hvers notar kindin hornin?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Haus:
Gerum sporöskju ofarlega til
vinstri á blaðið.




Augu:
Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í
hausinn.
Þarf kindin að hafa augu?
Til hvers?




Augasteinar:
Tveir litlir punktar inn í augun.




Nasir:
Tveir punktar hlið við hlið inn í
hausinn neðarlega.
Til hvers eru nasir?




Munnur:
Lítið strik fyrir neðan nasirnar.
Má munninn ekki vanta?
Af hverju ekki?




Eyru:
Tveir oddar uppi á hausnum.
Má ekki sleppa eyrunum?
Af hverju ekki?




Horn:
Tveir bogar uppi á hausnum.
Nú er hausinn búinn.
Hvað kemur næst?




Háls:
Tvö skástrik út frá hausnum.
Til hvers er hálsinn?




Búkur:
Bak:
 Nokkuð langt strik frá hálsinum.
Bakhlið (rass):
 Strik niður ekki mjög langt.




Magi:
 Strik jafnlangt og bakið.
Bringa:
 Strik upp til að loka.
 Nú er kominn *ferhyrningur*.
Þá er búkurinn búinn.
Hvað kemur næst?




Framfætur:
 Tvær ekki mjög langar lykkjur
 framarlega frá maganum.




Afturfætur:
 Tvær lykkjur jafnlangar aftarlega
 frá maganum.




Klaufir:
 Þverstrik mjög neðarlega á alla
 fætturna.



Klaufir (frh.):
 Mjög lítil strik í klaufirnar.
 Ekki of löng og ekki of stutt.
 Nú eru fætturnir búnir.
Hvað kemur næst?



Ull:
 Mjög lítil strik í búkinn.
Erum við búin að teikna kindina?
Hvað vantar?



Dindill:
 Frá rassinum stutt bogið strik
 niður.

Nú ætlum við að teikna KÚ og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið KÝR ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að hausnum). Dæmi: „Nú teiknum við kú og byrjum á því sem hún hugsar með (bendið á hausinn ef með þarf) ... HAUSNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálp með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaförði**) eða undireiningu (**ítarorðaförði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálp með svar EF með þarf.**

ORÐAFÖRÐI	Einingar	Undireiningar
	Haus (höfuð)	Kollur – kjammar – granir – augu – augasteinar – nasir – munnur – eyru
	Búkur	Bringa – magi – rass – bak*
	Fætur	Framfætur – afturfætur – klaufir
	Júgur	Spenar
	Hali	Halahár
ATH! Orðaförðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru augu? Má þau vanta?

Til hvers eru nasir? Má þær vanta?

Til hvers er munnur? Má hann vanta?

Til hvers eru eyru? Má þau vanta?

Til hvers eru fætur? Má þá vanta?

Til hvers er hali? Má hann vanta?

Til hvers eru spenar? Má þá vanta?

Hvað er í júgrinu?

Hvað heitir karlinn? Hvað heitir konan?

Hvað heitir barnið (afkvæmið)?

Hvað borðar kýrin á sumrin?

Hvað borðar kýrin á veturna?

Hvað heitir húsið sem kýrin á heima í?

Af hverju er kýrin ekki úti á veturna?

Hvað kemur úr spenunum á kúnni?

Hvað heitir það sem við drekkum úr kúnni?


Hvað heitir það sem kýrin segir?

ATH:

– Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.


– Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**

– Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Kollur:
Stutt þverstrik ofarlega til vinstri á blaðinu.




Kjammar:
Tvö skástrik jafnlöng.




Granir:
Tengibogi neðst á milli kjammanna.




Augu:
Tveir litlir hringir hlið við hlið inn í hausinn.
Til hvers eru augun?




Augasteinar:
Tveir litlir punktar inn í augun.




Nasir:
Tveir punktar hlið við hlið inn í hausinn neðarlega.
Til hvers eru nasirnar?




Munnur:
Lítið strik fyrir neðan nasirnar.
Til hvers er munnurinn?




Eyru:
Tveir oddar uppi á kollinum.
Til hvers eru eyrun?
Nú er hausinn búinn.
Hvað kemur næst?




Bak á bók:
Nokkuð langt strik frá kollinum.




Bakhlíð (rass) á bók:
Strik niður ekki mjög langt.




Magi á bók:
Strik sem nær að miðjum hausnum.




Bringa á bók:
Strik upp að hausnum.
Nú er bókurinn búinn.
Hvað kemur næst?




Framfætur:
Tvær lykkjur jafnlangar framarlega niður frá maganum.




Afturfætur:
Tvær lykkjur jafnlangar aftarlega niður frá maganum.



Klaufir:
Þverstrik mjög neðarlega á alla fætuna.



Klaufir (frh.):
Lítill strik upp í klaufirnar.
Nú eru fæturnir búnir.
Hvað kemur næst?




Júgur:

Bogi við afturfætur.

Stroka út af fætinum eins og þarf.

Hvað er inni í júgrinu?




Spenar:

Fjögur lítil jafnlöng skástrik frá júgrinu.

Teljið strikin um leið og þau eru gerð
1 – 2 – 3 – 4.

Hvað er togað úr spenunum?


Er kýrin búin? Hvað vantar?



Hali:

Eitt nokkuð langt skástrik frá rassi.

Hvað vantar á halann?



Halahr:

**Nokkur lítil strik á endanum á
halanum.**

Nú ætlum við að teikna FISK og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið FISKUR ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að sporðinum). Dæmi: „Nú teiknum við fisk og byrjum á því sem hann syndir með ... SPORÐINUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er sporðurinn búinn en það vantar eitthvað meira. Við skulum næst setja (bendið á eigin bók ef með þarf) ... BÚKINN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Sporður	
	Búkur	
	Auga	Augasteinn
	Munnur	
	Uggar	Eyruggi
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvar lifir fiskurinn? Getur fiskurinn lifað uppi á landi?

Af hverju ekki?

Af hverju erum við að veiða fisk?

Hvað borðar fiskurinn?

Til hvers er sporðurinn? Þarf hann að vera á fiskinum? Hvers vegna?


Til hvers eru uggarnir? Þurfa þeir að vera á fiskinum? Hvers vegna?


Til hvers eru augu? Þurfa þau að vera á fiskinum? Hvers vegna?

Eru til hættulegir fiskar?

ATH:


- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.





Sporður:

Byrjum á að setja odd til vinstri á mitt blaðið.



Sporður (frh.):


Loka með striki.

Nú er kominn *þríhyrningur*.

Til hvers er sporðurinn?


Nú er sporðurinn búinn.

Hvað kemur næst?



Búkur:

Ein stór sporaskja framan við sporð.




Auga og augasteinn:

Einn hringur með punkti inni í framarlega á haus.

Af hverju teiknum við bara eitt auga?


Af hverju sést hitt augað ekki?



Munnur:


Eitt strik neðan við augað.

Til hvers er munnurinn?




Uggar:

Tvö stutt skástrik ofan á bak og tvö stutt skástrik neðan á maga.



Uggar (frh.):

Loka með strikum.




Eyruggi:


Ein lykkja inn í bók.

Til hvers eru uggarnir?

BYGGINGAR



Hús með risi



Kirkja

Nú ætlum við að teikna HÚS og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið HÚS ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni). Dæmi: „Nú teiknum við hús. Hvar skyldi það nú standa? Á sjónum? Nei! Það sendur á ... JÖRÐINNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna eru veggirnir búnir en það vantar eitthvað meira. Við skulum næst setja eitthvað sem passar að það rigni ekki ofan í húsið ... ÞAKIÐ.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

	Einingar	Undireiningar
O R Ð A F O R Ð I	Jörð (gólf)	
	Veggur	
	Þak	
	Gluggi	Gluggapóstur
	Hurð	Hurðarhúnn
	Strompur	
	Reykur	
	Gras	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Þurfum við hús? Af hverju? Er ekki allt í lagi að eiga bara heima úti? Af hverju ekki?

Af hverju er þakið svona hallandi? Þurfum við að hafa þak? Af hverju?


Til hvers eru gluggar? Má þá ekki vanta? Af hverju ekki?

Þurfum við hurð? Af hverju?

Til hvers er hurðarhúnn?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Jörð:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Veggur:
Tvö bein jafnlöng strik niður á jörðina. Kennið að nota hjálparpunkt til að ná jafnri lengd.




Þak:
Oddur. Strikin frá oddinum ná niður á veggina. Setja hjálparpunkt í miðju. Hvar er gólfíð?




Gluggi:
Einn ferhyrningur uppi í risi hússins. Munið strik fyrir strik (strik niður – strik út á hlið – strik upp – loka með þverstriki).




Gluggapóstur:
Kross inn í gluggann. Er húsið búið? Hvernig komumst við inn?




Hurð:
Tvö jafnlöng strik niður á gólf. Bil á milli. Kennið að nota hjálparpunkt til að ná jafnri lengd.



Hurð (frh.):
Loka með þverstriki. Hvað vantar á hurðina?




Hurðarhúnn:
Lítið þverstrik á hurðina.




Strompur:

Tvö jafnhá strik öðrum megin frá þakinu. Kennið að nota hjálparpunkt til að ná jafnri lengd.




Strompur (frh.):

Loka með þverstriki.



Reykur:

Snúin lína frá strompinum.



Gras:

Mörg lítil strik upp úr jörðinni við hliðina á húsinu. Passa að láta litlu strikin alltaf koma á jörðina.

Nú ætlum við að teikna KIRKJU og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið KIRKJA ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni). Dæmi: „Nú teiknum við kirkju. Hvar skyldi hún nú standa? Á sjónum? Nei! Hún sendur á ... JÖRÐINNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **Öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (grunnorðaforði) eða undireiningu (ítarorðaforði) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna eru veggirnir búnir en það vantar eitthvað meira. Við skulum næst setja eitthvað sem passar að það rigni ekki ofan í kirkjuna ... ÞAKIÐ.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað er kirkja? Hvað gerum við í kirkju? Af hverju eru engin rúm í kirkju?

Hvað er í kirkjuturninum? Hvenær er kirkjuklukkunum hringt?

Af hverju er þakið svona hallandi? Þurfum við að hafa þak?

Af hverju?


Til hvers eru gluggar? Má þá ekki vanta? Af hverju ekki?

Þurfum við hurð? Af hverju?

Til hvers er hurðarhúnn?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.




O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Jörð (gólf)	
	Veggur	
	Þak	Þak á kirkjuturn – þak á kirkjuskip
	Kirkjuturn	
	Hurð	Hurðarhúnn
	Kross	
	Kirkjuskip	


ATH! Orðaförðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.




Jörð:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Veggur á kirkjuskipið:
Tvö bein jafnlöng strik niður á jörð.
Setjið hjálparpunkt til að ná jafnri lengd.
Hvar er gólfið?




Þak á kirkjuskipið:
Tvö stutt jafnlöng skástrik upp frá veggjum.




Hurð:
Tvö jafnlöng strik niður á gólf kirkjunnar. Bil á milli strikanna.
Setjið hjálparpunkt til að ná jafnri lengd.




Hurð (frh.):
Loka að ofan með þverstriki.
Hvað vantar á hurðina?
Hvernig eigum við að opna?




Hurðarhúnn:
Litið þverstrik á hurðina.




Veggur á kirkjuturninn:
Tvö jafnlöng strik upp frá þaki á kirkjuskipi.
Setjið hjálparpunkt til að ná jafnri lengd.



Þakið á kirkjuturninn:
Oddur. Ekki stór ofan á turnveggina.




Kross:
Ofan á þakoddinn.




Gras:
Mörg lítil jafnlöng strik upp úr jörð-
inni við hliðina á kirkjunni. Mega ekki
fara upp fyrir eða niður fyrir jörð.

GRÓÐUR



Tré



Blóm

Nú ætlum við að teikna TRÉ og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið TRÉ ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttrar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni). Dæmi: „Nú teiknum við tré og byrjum á því sem tréð vex upp úr ... JÖRÐINNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna eru greinarnar búnar en það vantar þetta græna sem vex á þeim. Við skulum næst teikna ... LAUFID.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Jörð	
	Stofn	Greinar
	Laufkróna	Lauf
	Epli	
	Gras	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvar vaxa trén?

Hvers vegna eru mörg tré ekki með lauf á veturna?

Hverjir búa til hreiður í trjánum?


Af hverju vex ekki fullt af eplum og appelsínunum á trjám á Íslandi?

Af hverju vaxa svona fá eplatré á Íslandi?

Getum við notað trén? Hvernig notum við trén? Og hvað gerum við við viðinn?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Jörð:
Strik yfir blaðið neðst.




Stofn:
Tvö bein strik jafnlöng niður á jörð með bili á milli. Kennið að setja hjálparpunkt til að ná jafnri lengd.




Grein vinstra megin:
Tvö jafnlöng skástrik upp frá stofninum, ekki mjög löng.




Grein hægra megin:
Alveg eins tvö jafnlöng skástrik upp frá stofninum, ekki mjög löng.



Laufkróna:
Litlir samtengdir bogar á milli greinanna.



Epli:
Sex epli í laufkrónunni.
Teljið um leið og hringirnir eru gerðir
1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6.



Gras:
Mörg jafnlöng lítil strik upp úr jörðinni við hliðina á trénu. Passa að láta litlu strikin alltaf koma á jörðina.

Nú ætlum við að teikna BLÓM og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið BLÓM ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni). Dæmi: „Nú teiknum við blóm og byrjum á því sem blómið vex upp úr ... JÖRÐINNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er stöngullinn búinn en það vantar þetta græna sem vex á honum. Við skulum næst teikna ... LAUFBLÖÐIN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Jörð	
	Stöngull	
	Blóm	Blómahnappur – krónublöð
	Laufblöð	
	Gras	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvar vaxa blóm?


Getum við látið blómin vaxa inni? Hvernig?


Af hverju lifa blómin ekki úti á veturna?

Þegar við erum með blóm inni hvað verðum við alltaf að muna að gefa þeim svo þau lifi?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Jörð:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Stöngull:
Beint strik niður á jörð.




Blómahnappur:
Hringur ofan á stöngulinn.




Krónublöðin:
Litlir bogar allt í kring um blómahnappinn.



Laufblöð:
Skástrik sitt hvorum megin á stöngulinn.





Laufblöð (frh.):
Bogar á skástrikin að ofan og að neðan.





Gras:
Mörg jafnlöng lítil strik upp úr jörðinni við hliðina á blóminu.
Passa að láta strikin alltaf koma á jörðina.

FARARTÆKI





Fólksbíll

Flutningabíll



Bátur

Skip



Reiðhjól

Flugvél

Nú ætlum við að teikna BÍL og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið BÍLL ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að götunni). Dæmi: „Nú teiknum við bíl. Hvar skyldi hann nú keyra? Á sjónum? Nei! Hann keyrir á ... GÖTUNNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálpíð með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna eru dekkín búin en það vantar eitthvað inn í þau. Við skulum næst teikna ... FELGURNAR.“ **Hjálpíð með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Gata	
	Hjól	Framhjól – afturhjól – dekk – felgur
	Bretti	
	Botn (gólf)	
	Vélarhlíf	Framhlið (grill) – húdd
	Rúða	Framrúða – afturrúða
	Þak	
	Skott	Skottlok
	Hurð	Gluggi – hurðarhúnn
	Gluggi	Hurðargluggi – afturgluggi
	Ljós	Framljós – afturljós
	Loftnet	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitlettruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru gluggar – hurðir – hurðarhúnn – þak – loftnet – skott – hjól – bretti – ljós?


Þarf þetta að vera á bílnum? Hvers vegna?

Til hvers er billinn?

Af hverju getum við ekki keyrt til útlanda?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikni ferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Gata:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Framhjól/afturhjól (dekk):
Tveir jafnstórir hringir.
Byrjið að gera hringinn á götunni, ekki fyrir ofan og ekki fyrir neðan. Kennið hvernig hjólin geta verið jafnstór, t.d. með því að gera hjálparpunkt (sjá mynd).
Hvað eru mörg hjól á bílum?




Felgur:
Tveir hringir inn í hina hringina.
Nú eru komin dekk á felgurnar.




Bretti:
Bogar yfir bæði dekkinn.




Botn (gólf):
Strik á milli brettanna.




Botn (frh.):
Lítill strik út fyrir bæði bretti.
Þarf billinn að vera með gólf?
Af hverju?




Vélarhlíf (grill):
Strik upp ekki mjög langt.




Vélarhlíf (húdd):
Strik út á hlið (þverstrik) ekki of langt.




Framrúða:
Skástrik upp.
Má framrúðuna vanta?
Af hverju ekki?




Þak:
Þverstrik ekki mjög langt.
Af hverju er þak á bílnum?




Afturrúða:
Skástrik niður jafnlangt og
framrúðan.




Lok á skotti:
Strik út á hlið (þverstrik) jafnlangt
gólfinu.
Má skottið ekki bara vera opið?
Af hverju ekki?




Lok á skotti (frh.):
Strik niður á botninn.
Er bíllinn búinn?
Hvað vantar?




Framljós:
Bogi framan á bílinn.
Til hvers eru framljós?
Er bíllinn búinn?
Hvað vantar?



Afturljós:
Bogi aftan á bílinn.
Til hvers eru afturljós?




Hurð:
Tvö jafnlöng strik frá botni hlið við
hlið.



Hurð (frh.):

Loka með striki.

Hvað vantar á hurðina?



Hurðargluggi:


Ferhyrningur ofarlega á hurð.

Munið strik fyrir strik (strik niður – strik út á hlið – strik upp – loka með þverstriki).

Til hvers er glugginn?


Hvernig getum við opnað bílinn?

Hvað vantar á hurðina?



Hurðarhúnn:


Eitt stutt þverstrik á miðja hurð.



Afturgluggi:

Ferhyrningur aftan við hurð.

Munið strik fyrir strik (strik niður – strik út á hlið – strik upp – loka með þverstriki).



Loftnet:

Eitt skástrik upp frá þakinu aftarlega.

Til hvers er lofnetið?

Nú ætlum við að teikna FLUTNINGABÍL og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið FLUTNINGA~BÍLL ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að veginum). Dæmi: „Nú teiknum við flutningabíl. Hvar skyldi hann nú keyra? Á sjónum? Nei! Hann keyrir á ... VEGINUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er vegurinn búinn. Við skulum næst teikna það sem snýst undir bílnum ... HJÓLIN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Vegur	
	Hjól	Framhjól – afturhjól – dekk – felgur
	Bretti	
	Gólf (botn)	
	Stýrishús	Framhlið – bakhlið – þak – gluggar – hurð
	Gluggar	Framgluggi – hurðargluggi
	Hurð	Gluggi – hurðarhúnn
	Gámur	Framhlið – toppur – bakhlið
	Ljós	Framljós – afturljós
	Loftnet	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru hjól – bretti – gluggar – hurðir – hurðarhúnn – þak – loftnet? Þarf þetta að vera á bílnum? Hvers vegna?

Til hvers er flutningabíllinn?


Af hverju getum við ekki keyrt flutningabíllinn til útlanda?


Þurfa að vera framljós? Af hverju?

Þurfa að vera afturljós? Af hverju?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Vegur:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Framhjól (dekk):
Hringur ofan á götuna.
Byrjið að gera hringinn á götuna, ekki fyrir ofan og ekki fyrir neðan.




Afturhjól (dekk):
Annar jafnstór hringur ofan á götuna.
Langt bil á milli hjóla. Kennið hvernig hjólin geta verið jafnstór, t.d. með því að gera hjálparpunkt (sjá mynd).




Felgur:
Tveir hringir inn í hjólin.
Nú eru dekkinn komin á felgur.




Bretti:
Bogar yfir hjólin.
Til hvers eru bretti?




Gólf (botn):
Tengistrik milli brettanna.
Þarf að vera gólf í bílnum?
Af hverju?




Botn (frh.):
Örlítill strik út fyrir brettin.




Framhlið á stýrishúsinu sem bílstjórinn situr í:
Beint strik upp frá fremra litla strikinu.




Pak:
Strik út á hlið sem nær fram fyrir framhjólíð.
Þarf þak á bílinn?
Af hverju?




Bakhlið á stýrishúsi:
Strik niður á gólfið.




Framgluggi:
Fyrst tvö lítil strik jafnlöng inn í stýrishúsið. Loka með tengistriki.
Hvernig komumst við inn í bílinn?
Hvað vantar?




Hurð:
Tvö strik sem ná jafnhátt. Bíl á milli.




Hurð (frh.):
Loka með tengistriki.
Hvernig á svo að opna hurðina?




Hurðarhúnn:
Lítið þverstrik á hurðina.



Hurðargluggi:
Ferhyrningur ofarlega á hurðina.
Munið strik fyrir strik (strik niður – strik út á hlið – strik upp – loka með þverstriki).




Gámur:
Hækka svolítið bakhliðarstrikið á stýrishúsinu.



Gámur (frh.):

Toppurinn er þverstrik sem nær jafn langt botninum.




Gámur (frh.):

Strik niður á endann á botninum.

Er bíllinn búinn?

Má keyra hann svona?

Hvað vantar?




Framljós:

Bogi framan á stýrishúsið.

Þurfum við ljós?

Af hverju þurfum við ljós?


Til hvers eru framljósin?



Afturljós:

Bogi aftan á gáminn.

Til hvers eru afturljósin?



Loftnet:

Skástrik upp úr þakinu á stýrishúsinu.

Til hvers er loftnet?

Nú ætlum við að teikna BÁT og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið BÁTUR ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að sjónum). Dæmi: „Nú teiknum við bát. Hvar skyldi hann nú sigla? Á veginum? Nei! Hann siglir á ... SJÓNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálp með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er sjórinn búinn. Við skulum næst teikna ... SKROKKINN.“ **Hjálp með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Sjór	
	Skrokkur	Stefni – skutur – borðstokkur
	Mastur	
	Ljós á mastri	
	Stýrishús	Gluggi
	Rá	Segl
I	Flaggstöng	Fáni
	ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.	

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrið og/eða leiðið til svars).

Til hvers er mastur – stýrishús – gluggi? Þarf þetta að vera á bátnum? Hvers vegna?


Til hvers er ljós á mastinu? Má ekki bara sleppa því?


Af hverju ekki?

Til hvers er bátur? Er eitthvað hægt að nota hann? Til hvers?


ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF með þarf.**







Sjór:
Hlykkjótt strík yfir blaðið neðst.




Stefni á skrokk:
Skástrik vinstra megin upp úr sjónum.




Skutur á skrokk:
Skástrik hægra megin upp úr sjónum.




Borðstokkur á skrokk:
Tengistrik milli stefnis og skuts.




Mastur:
Nokkuð langt strík upp frá borðstokknum.




Ljós á mastri:
Lítill hringur efst á mastri.
Af hverju þarf að vera ljós á mastriinu?




Stýrishús:
Tvö jafnlöng strík upp og loka með tengistriki. Kennið að gera jafnlangt strík með hjálparpunkti.




Gluggi:
Ferhyrningur.
Munið strík fyrir strík (strík niður – strík út á hlið – strík upp – loka með þverstriki).




Rá:
Stutt þverstrik frá mastri.




Segl:
Skástrik frá mastri og niður á rá.
Til hvers er segl á bátum?



Flaggstöng:
Skástrik aftast á bátinn.



Fáni:
Ferningur á flaggstöng.
Munið strik fyrir strik (strik niður – strik út á hlið – strik upp – loka með þverstriki).



Fáni (frh.):
Kross í ferning.
Til hvers er fáni á bátum?

Nú ætlum við að teikna SKIP og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið SKIP ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að sjó). Dæmi: „Nú teiknum við skip. Hvar skyldi það nú sigla? Á veginum? Nei! Það siglir á ... SJÓNUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálp með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er sjórinn búinn. Við skulum næst teikna ... SKROKKINN.“ **Hjálp með svar EF með þarf.**

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru skip? Er eitthvað hægt að nota skip? Til hvers?

Getum við fundið nokkrar mismunandi gerðir af skipum?

Til hvers eru: Flutningaskip – ferja – fiskiskip – skemmtiferðaskip – herskip?

Hvað heita herbergin sem fólkið sefur í í skipinu?

Hvað heita rúmin sem fólkið sefur í í skipinu?


Til hvers eru kýraugu? Þurfa þau að vera á skipinu? Hvers vegna?

ATH:

– Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.


– Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**

– Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF með þarf.**




O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Sjór	
	Skrokkur	Stefni – skutur – borðstokkur
	Yfirbygging	
	Kýraugu	
	Brúargluggi	


ATH! Orðaförðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.




Sjór:
Hlykkjött strik yfir blaðið neðst.




Stefni á skrokk:
Skástrik vinstra megin upp úr sjónum.




Skutur á skrokk:
Skástrik hægra megin upp úr sjónum.




Borðstokkur á skrokk
(útskýrið þilfar):
Tengistrik milli stefnis og skuts.




Yfirbygging:
Tvö stutt strik upp frá borðstokki.
Fremra strikið á ská. Aftara strikið beint niður. Loka með striki.



Efri yfirbygging:
Alveg eins og neðri yfirbyggingin nema minni.
Brúargluggi:
Stór ferhyrningur á efri yfirbygginguna.
Munið strik fyrir strik (strik niður – strik út á hlið – strik upp – loka með þverstriki).



Kýraugu:
Fimm litlir hringir á neðri yfirbygginguna.
Teljið um leið og hringirnir eru gerðir.



Kýraugu (frh.):
Sex minni hringir á skipið sjálft.
Teljið um leið og hringirnir eru gerðir.

Nú ætlum við að teikna REIÐHJÓL og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið REIÐ~HJÓL ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að götunni). Dæmi: „Nú teiknum við reiðhjól. Hvar hjólum við? Á sjónum? Nei! Við hjólum á ... GÖTUNNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er gatan búin. Við skulum næst teikna ... HJÓLIN.“
Hjálpið með svar EF með þarf.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvað er sett í slönguna?

Til hvers er bjallan?

Til hvers er ventillinn?

Til hvers er framljós?

Til hvers er keðjan?

Til hvers er afturljós?

Til hvers eru brettin?

Af hverju verðum við að vera með framljós, afturljós og bjöllu?

Á hverju þurfum við að passa okkur í umferðinni?


Af hverju hjólum við ekki á veturna?

Af hverju verðum við að vera með hjálm?

Af hverju megum við ekki hjóla á miðri götunni?

ATH:

- Orð yfir **stærð – fjölda – form og rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.




O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Gata	
	Framhjól/ afturhjól	Dekk – (slöngur) – gjarðir – teinar – ventlar
	Stýrisstöng	
	Stýri	
	Sætisstöng	
	Sæti	
	Stell (hjólastell)	Stangir
	Keðjuhjól	
	Keðja	
	Fótstig (pedalar)	
	Bretti	
	Ljós	Framljós – afturljós
	Bjalla	


ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.




Gata:
Strik þvert yfir blaðið neðst.




Hjól:
Tveir jafnstórir hringir ofan á götuna.
Byrjið að gera hringina á götunni, ekki fyrir ofan og ekki fyrir neðan.
Kennið að setja hjálparpunkt (sjá mynd) til að fá hjólin til að vera jafnhá.




Gjarðir – dekk:
Tveir jafnstórir hringir innan í hina hringina.
Núna eru komin dekk á gjarðirnar.




Teinar:
Punktur inn í miðjuna á hjólunum.




Teinar (frh.):
Kross inn í gjörðina gegnum miðjupunktinn.




Teinar (frh.):
Annar kross líka í gegnum miðjupunktinn.




Ventlar:
Mjög lítill kassi á báðar gjarðirnar.
Til hvers er ventill?




Stýrisstöng:
Skástrik upp frá miðjupunktinum í framhjólunu.




Stýri:
Þverstrík ofan á stýrisstöngina.




Sætisstöng:
Ekki langt strík upp frá miðju afturhjóls.




Sæti:
Mjög stutt þverstrík ofan á sætisstöngina.




Sæti (frh.):
Bogi ofan á þverstrikið.




Keðjuhjól:
Lítill hringur á milli hjólanna.
Setja punkt í miðjuna.




Aftara keðjuhjól:
Annar lítill hringur utan um miðju-punktinn í afturhjólinu.



Keðja:
Þræða línu/strík utan um stóra og litla keðjuhjólið.
Til hvers er keðjan? Má hana ekki vanta? Af hverju ekki?




Fótstig (pedalar):
Strík í gegnum stóra keðjuhjólið sem nær upp og niður fyrir. Lítill þverstrík á endana.
Til hvers eru pedalarnir?



Stell eru stangirnar í hjólinu sem halda því saman.


Stöng (1):

Þverstrík milli stýristangar og sætisstangar.




Stöng (2):

Skástrik frá miðju keðjuhjólsins og upp í stýrisstöng.




Stöng (3):

Annað skástrik frá miðju keðjuhjólsins og upp í sætisstöng.



Stöng (4):

Þverstrík frá keðjuhjólinu í mitt afturhjól.




Bretti:

Tveir bogar yfir framhjólið og afturhjólið.

Til hvers eru bretti?

Er hjólið búið núna? Hvað vantar?


Megum við hjóla svona í myrkri?



Framljós:

Þríhyrningur framan á stýrisstöngina.

Munið strík fyrir strík.




Afturljós:

Bogi á afturbrettið neðst.

Til hvers er afturljósið?

Hvað vantar meira á hjólið?



Bjalla:

Litill hringur ofan á stýrið með litlu striki.

Þarf að hafa bjöllu?

Af hverju?

Nú ætlum við að teikna FLUGVÉL og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið FLUG~VÉL ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að skrokknunum). Dæmi: „Nú teiknum við flugvél og byrjum á því sem við sitjum inni í ... SKROKKNUM. Við byrjum á fremsta hlutanum sem heitir (bendið á nefið á ykkur) ... NEFINU.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálp** með svar **EF** með þarf.

Eftir hverja einingu (grunnorðaforði) eða undireiningu (ítarorðaforði) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er nefið búið. Við skulum næst teikna (bendið á bakið á ykkur) ... BAKIÐ.“ **Hjálp** með svar **EF** með þarf.

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Skrokkur	Nef – bak – magi – stél
	Vængir	
	Ljós á vængjum	
	Hreyflar	
	Gluggar	Flugstjóragluggi – farþegagluggar
	Hurð	Hurðarhúnn
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvar flýgur flugvélin?

Þurfum við flugvélar? Af hverju?

Af hverju er nauðsynlegt fyrir okkur hér á Íslandi að hafa flugvélar?

Af hverju keyrum við bara ekki til annarra landa?

Til hvers eru vængirnir á flugvélinni?

Hvernig komumst við inn í flugvélin?


Þurfa að vera gluggar á flugvél? Af hverju?


Af hverju eru litlu ljósin á vængjunum?

Hvers konar flugvélar eru til? T.d. farþegaflugvélar, flutningaflugvélar og herflugvélar.


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Nef á skrokk:
Ekki stór oddur til vinstri á blaðið.




Bak á skrokk:
Hallandi skástrik niður frá oddi.




Magi á skrokk:
Hallandi skástrik upp frá oddi –
aðeins lengra en bakstrikið.




Stél á skrokk:
Skástrik upp frá bakstrikinu.




Stél á skrokki (frh.):
Strik niður á magastrikið.




Gluggi fyrir flugstjóra:
Eitt horn fremst á flugvélinni.



Farþegagluggar:
Sex litlir hringir ofarlega á skrokknum
hlið við hlið. Teljið um leið og þeir eru gerðir.
**Hvernig komumst við inn í flug-
vélina? Hvað vantar?**



Hurð:
Bogi yfir einn farþegagluggann og
niður á magastrikið.
Hvað vantar á hurðina?




Hurðarhúnn:

Lítið þverstrik á hurðina.

Er flugvélin búin?


Hvað vantar?



Vængir:

Tvær langar lykkur sitt hvorum megin á skrokkinn.


Stroka út úr vængnum eins og þarf.



Hreyflar:

Tveir litlir bogar framan á vængina.

Til hvers eru hreyflar?




Ljós:


Tveir litlir hringir á vængendana.

Til hvers eru ljósín á vængjunum?

VINNUVÉLAR



Traktor



Grafa

Nú ætlum við að teikna TRAKTOR og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið TRAKTOR ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni/veginum). Dæmi: „Nú teiknum við traktor. Hvar skyldi hann nú keyra? Uppi í loftinu? Nei! Hann keyrir á ... JÖRÐINNI/VEGINUM.“

ATH: Spyrjið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er jörðin/vegurinn búin. Við skulum næst teikna (teiknið hring út í loftið) ... HJÓLIN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Jörð	
	Hjól	Framhjól – afturhjól – felgur – dekk
	Bretti	
	Gólf	
	Vélarhlíf	Framhlið – húdd – bakhlið
	Framrúða	
	Þak	
	Ljós	Framljós – afturljós
	Púströr	
	Stýri	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Til hvers eru traktorar?

Er munur á traktor og bíl? Hver?

Af hverju eru afturhjólin miklu stærri en framhjólin?

Til hvers eru brettin?

Til hvers er þakið?


Til hvers er framrúðan?


Þurfa að vera framljós? Af hverju?

Þurfa að vera afturljós? Af hverju?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Jörð:
Strik þvert yfir blaðið mjög neðarlega.




Afturhjól (dekk):
Stór hringur á jörðina.
Byrjið að gera hringinn á veginn. Annars er hætt við að hringurinn verði fyrir ofan eða neðan veg.




Framhjól (dekk):
Einn mikið minni hringur líka á jörðina.
Byrjið að gera hringinn á veginn. Passa að hafa bil á milli hringa.




Felgur:
Minni hringir inn í hjólin.
Af hverju þurfa að vera felgur?




Bretti:
Bogar yfir bæði dekkinn.
Til hvers eru nú brettin?




Gólf:
Strik á milli brettanna.
Þarf að vera gólf í traktorum?
Af hverju?




Vélarhlíf að framan:
Strik upp frá frambretti.




Vélarhlíf að ofan:
Strik út á hlið aðeins lengra en framdekkið er.




Vélarhlíf að aftan:
Strik niður á gólf.




Framrúða:
Skástrik upp.




Þak:
Þverstrik ekki mjög langt. Láta ná að miðju afturdekki.
Þarf að vera þak?
Af hverju?




Bakhlið:
Strik niður á brettið yfir afturdekkinu.




Framljós:
Bogi framan á traktorinn.
Þarf nokkuð framljós?
Af hverju?



Afturljós:
Bogi á afturbrettið neðarlega.
Þarf nokkuð afturljós?
Af hverju?



Púströr:
Tvö jafnlöng strik upp frá vélarhlíf-inni. Kennið að gera jafnlangt með hjálparpunkti. Loka með þverstriki.
Er traktorinn búinn?
Hvað vantar?



Stýri:
Stutt skástrik frá vélarhlíf og þverstrik á það.

Nú ætlum við að teikna GRÖFU og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið GRAFA ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að jörðinni). Dæmi: „Nú teiknum við gröfu. Hvar skyldi hún nú keyra? Á sjónum? Nei! Hún keyrir á ... JÖRÐINNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er jörðin búin. Við skulum næst teikna það sem grafan notar til að keyra á ... BELTIN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvort er grafan bíll eða vinnuvél?

Hvað gerir vinnuvél?

Til hvers eru gröfur?

Er munur á gröfu og traktor? Hver?

Til hvers eru beltin á gröfunni?


Gæti grafan verið á hjólum eins og bíll? Af hverju ekki?

Þurfa að vera framljós? Af hverju?

Þurfa að vera afturljós? Af hverju?

ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.




	Einingar	Undireiningar
ORÐAFORÐI	Jörð	
	Belti	Hjól inni í beltunum
	Stýrishús	
	Vélarhús	Framhlið – húdd – bakhlið
	Gluggi	
	Armur	
	Skófla	
	Ljós	Framljós – afturljós


ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.




Jörðin:
Strik yfir allt blaðið mjög neðarlega.




Belti:
Tveir bogar á jörðina hvor á móti öðrum. Loka með tengistrikum.




Belti (frh.):
Búa til alveg eins belti innan í.




Hjól sem beltið er utan um:
Tvö hjól inn í beltið.
Til hvers eru hjólin?




Stýrishús:
Tvö jafnlöng strik upp.
Kennið að gera jafnlangt með hjálparpunkti.
Loka með tengistriki.




Gluggi:
Lítill ferhyrningur inn í stýrishúsið.
Munið strik fyrir strik (strik niður – strik út á hlið – strik upp – loka með þverstriki).




Vélarhús:
Hellingi minna en stýrishúsið.
Strik upp af beltinu framarlega.
Þverstrik til hliðar að stýrishúsinu.




Armur:
Tveir stórir jafnlangir oddar fremst frá beltinu.




Skófla:
 Bogi frá arminum.
Til hvers er skóflan?



Skófla (frh.):
 Loka með striki.







Framljós:
 Bogi framan á vélarhús.



Afturljós:
 Bogi aftan á stýrishús.
Til hvers eru ljósín?

JÓL



Jólatré

Jólasveinn

Kerti

Jólastjarna

Nú ætlum við að teikna JÓLATRÉ og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið JÓLA~TRÉ ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttar byrjunar (í þessu tilfelli að standinum). Dæmi: „Nú teiknum við jólatré og byrjum á því sem tréð stendur á ... STANDINUM.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er jólatréð búið. Hvað setjum við á greinarnar? Við skulum næst teikna ... KÚLURNAR.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Standur	
	Stofn	
	Greinar	Barr
	Kúlur	
	Toppur	Toppskraut
	Skraut á tréð	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).


Hvað er jólatré?


Hvað setjum við á jólatréð?

Hvenær notum við jólatré?

ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Standur:
Stutt þverstrik neðst á blaðið.




Stofn:
Tvö jafnlöng strik niður á standinn.
Kennið að gera jafnlangt með hjálparpunkti.




Neðstu greinarnar með barri:
Skástrik með átta litlum jafnlöngum strikum sitt hvorum megin.




Næstu greinar með barri:
Aðeins minni skástrik með sjö litlum jafnlöngum strikum sitt hvorum megin.




Næstu greinar með barri:
Ennþá minni skástrik með fimm litlum jafnlöngum strikum sitt hvorum megin.



Toppgreinar með barri:
Ennþá minni skástrik með fjórum litlum jafnlöngum strikum sitt hvorum megin. Oddur í miðju er toppurinn.



Toppskraut:
Hringur með striki upp úr og niður úr.



Skraut á tréð:
Átta hringir á tréð.
Teljið um leið og þið búið til hringana.

Nú ætlum við að teikna JÓLASVEIN og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið JÓLA~SVEINN ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttrar byrjunar (í þessu tilfelli að húfunni). Dæmi: „Nú teiknum við jólasvein og byrjum á því sem hann er með á hausnum ... HÚFUNNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítar-orðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er hausinn búinn en það vantar eitthvað inn í hann. Við skulum næst setja það sem við sjáum með (bendið á auga ef með þarf) ... AUGUN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Húfa	Kantur – dúskur
	Haus (höfuð)	Vangar – augu – augasteinar – nef – skegg – munnur – eyru
	(Háls)	
	Peysa (búkur)	Bringa – magi – bak – rass*
	Ermur	Ath! Handleggir í ermum
	Hendur	Hnefar
	Buxur	Ath! Læri í buxum – klop – hné
	Stígvél	Leggir – fótur
	Belti	
	Poki	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitlettruðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Leggið inn þessi orð um leið og þið teiknið upp búkinn.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið

Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).

Hvenær koma íslensku jólasveinarnir?

Hvað heita mamma og pabbi íslensku jólasveinanna?


Hvar eiga íslensku jólasveinarnir heima?


Hvað er í pokanum hjá jólasveininum?

Kemur jólasveinninn stundum með kartöflu? Af hverju?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparþunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.







Húfa:
Þríhyrningur. Oddur og loka með tengistriki.




Kantur:
Strik neðarlega í þríhyrninginn.




Dúskur:
Hringur á oddinn.




Vangar:
Tvö stutt strik niður frá húfunni jafnlöng.




Skegg:
Oddur frá vöngunum.




Augu:
Tveir hringir fyrir ofan skeggið.
Til hvers eru augun?




Augasteinar:
Tveir punktar inn í augun.




Skegg (frh.):
Þverstrik fyrir neðan augun.




Nef:
 Lítið strík milli augna.
 Til hvers er nefið?




Munnur:
 Lítið strík inn í skegginu.
 Má munninn vanta?
 Af hverju ekki?




Eyru:
 Tveir bogar sitt hvorum megin við vangana.
 Þurfa eyrun að vera? Af hverju?
 Nú er hausinn búinn?
 Hvað kemur næst?




Peysa – (búkur):
 Hringur frá hausnum.
 Hvar er hálsinn?




Handleggir í ermum:
 Tveir jafnlangir bogar efst frá
 búknum báðum megin.
 Hvað er inni í ermum?
 Hvað kemur næst?




Hnefar:
 Hringir við endann á hand-
 leggjunum.
 Útskýrið hvað er hnefi.




Læri í buxum:
 Litlir bogar sitt hvorum megin frá
 búknum.




Klof:
 Oddur.




Hné:
Tengistrik neðst á lærin.
Purfum við að hafa hné?
Af hverju?



Stígvél:
Tvö jafnlöng strik niður frá hvoru
hné. Sporöskjur á endann á
strikunum.



Poki:
Stór hringur frá öðrum hnefanum.



Belti:
Tvö örlítið bogin strik þvert yfir
magann.

Nú ætlum við að teikna JÓLAKERTI og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið JÓLA~KERTI ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Spyrjið eða leiðið einstaklingana til rökréttrar byrjunar (í þessu tilfelli að jólatrésgreininni). Dæmi: „Nú teiknum við jólakerti og byrjum á því sem það stendur á ... JÓLATRÉSGREININNI.“

ATH: Spyrið eða leiðið til svars við **öll tækifæri: Til hvers er þetta? Má þetta vanta? Af hverju ekki? Hjálpið með svar EF með þarf.**

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna er kertið búið en það vantar að kveikja á því. Næst skulum við teikna ... LOGANN.“ **Hjálpið með svar EF með þarf.**

ORÐAFORÐI	Einingar	Undireiningar
	Grein	Barr
	Kerti	Kveikur
	Logi	
	Skrautkúlur á greinina	
	Geislar	
ATH! Orðaforðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið


Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).


Hvenær kveikjum við á kertum?

Af hverju er eldurinn svona hættulegur?

ATH:


- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF** með þarf.






Grein með barri:

Skástrik með átta litlum jafnlöngum strikum. Teljið strikin jafnóðum og þau eru gerð 1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6 – 7 – 8.




Kerti:

Tvö jafnlöng strik hlið við hlið upp af grein. Loka með tengistriki. Kennið að gera jafnháar línur með hjálparpunkti.




Kveikur:

Lítið strik upp úr miðju kertinu.



Logi:


Sporaskja ofan á kveikinn.



Geislar:

Sjö strik út frá loganum.

Teljið um leið og þið gerið strikin 1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6 – 7.



Skrautkúlur:

Fjórir hringir á greinina.

Teljið um leið og þið gerið hringina 1 – 2 – 3 – 4.

Nú ætlum við að teikna JÓLASTJÖRNU og læra fullt af skemmtilegum orðum

Látið einstaklingana endurtaka orðið JÓLA~STJARNA ef þeir geta

Á hverju byrjum við?

Stjarnan er búin til úr tveimur þríhyrningum.

ATH: Spyrjið eða leiðið til svars við **öll tækifæri**: Til hvers er þetta?

Má þetta vanta? Af hverju ekki? **Hjálp** með svar **EF með þarf**.

Eftir hverja einingu (**grunnorðaforði**) eða undireiningu (**ítarorðaforði**) er spurt eða leitt til svars: Hvað kemur næst?

ATH: Einstaklingur gæti verið viðkvæmur fyrir spurningum. Veitið honum nauðsynlega hjálp til að hann geti botnað svarið ef með þarf. Dæmi: „Núna teiknum við það sem skín á himninum á nóttinni eða ... STJÖRNU.“ **Hjálp** með svar **EF með þarf**.

O R Ð A F O R Ð I	Einingar	Undireiningar
	Stjarna*	
	Geislar	
ATH! Orðaförðinn eru svörtu feitletruðu orðin undir verkferlismyndum.		

*Ath! Hér er kjörið tækifæri til að kenna formið þríhyrningur.

Umræðuefni fléttað inn í vinnuferlið


Rökhugsun – Þekking – (spyrjið og/eða leiðið til svars).


Hvar eru stjörnurnar?

Hvenær skína stjörnurnar?


ATH:

- Orð yfir **stærð** – **fjöldi** – **form** og **rúmskynjun** eru lögð inn jafnóðum í teikniferlinu.
- Að teikna upp strik fyrir strik þríhyrning og ferhyrning svo nemandinn geti fylgt forminu eftir strik fyrir strik. **NOTIÐ HJÁLPAÞUNKTA EF MEÐ ÞARF.**
- Gerið eða kennið einstaklingum að gera hjálparpunkta til að stýra lengd og stefnu strika **EF með þarf**.







Geisli:
Oddur.



Loka oddi með tengistriki.
Þetta er *þríhyrningur*.



Dragið strik milli punkta.
Athugið að hafa strikið jafnlangt
neðsta striki þríhyrningsins.
Gerið hjálparpunkta.



Teiknið odd niður í punkt.
Gerið hjálparpunkt.
Nú er kominn annar *þríhyrningur*.

Fyrir getumestu einstaklingana

**Einstaklingar sem eiga að geta hjálparlaust ráðið við
að herma eftir teikniferli form fyrir form.
Hentar því fyrir einstaklinga með mikla getu.
EFNIÐ HENTAR TIL BEKKJARKENNSLU.**

Tölvuteikningar: Gunnar Ólason

Muna markmiðin



- Kenna munnlegan **orðaforða** gegnum teikningu.
- Þjálfar upp **samvinnu**.
- Fara eftir **fyrirmælum** (ekki gera meira eða öðruvísi en beðið var um).
- Þjálfar upp **fínhreyfingar**.
- Þjálfar upp **vandvirkni**.
- Þjálfar upp **eftirtekt**.
- Þjálfar upp **athygli**.
- Þjálfar upp **hlustun**.
- Efla **rökhugsun**.
- Auka **þekkingu**.
- Sjá **einingar í heildarmynd og hlutverk þeirra**.

SÝNISHORN – „Vélsleði“ er tekinn fyrir á bls. 200

Byrja á að brjóta blaðið í tvennt, þrennt eða fernt
til að fá myndflöt að ofan og línur til að skrifa á fyrir neðan (sjá bls. 14)

Fyrirmæli

Blað

Á hverju byrjum við? Vísbending: Því sem vélin er í Svar: Vélarhlífinni. Gerum skástrik niður bogið í endann.	
Hvað kemur næst? Svar: Mælaborð. Til hvers er það? Drögum lítið skástrik niður.	
Hvað kemur næst? Svar: Sæti. Til hvers er það? Gerum langt lárétt strik.	
Hvað kemur næst? Svar: Botn. Er ekki allt í lagi að hann vanti? Drögum lárétt strik.	
Svo skulum við gera síðari hluta botnsins: Teiknum skástrik upp frá fyrra botnstriki.	

Fyrirmæli

Blað

Næst skulum við gera afturendann Lokum með stuttu striki.	
Hvað kemur næst? Svar: Skíði. Til hvers eru þau? Hvað gerist ef þau vantar? Byrjum á skíðafestingunni. Gerum lítið lóðrétt strik undir botninn á vélsleðanum.	
Svo skulum við gera skíðin. Gerum lárétt strik, bogið í endann, undir litla strikið.	
Hvað gerum við næst? Svar: Drifhjól í beltið. Til hvers eru þau? Purfa þau nokkuð að vera? Gerum fjóra hringi síminnkandi/sístækkandi.	

Fyrirmæli


Blað

Hvað eigum við að gera næst?

Svar: Belti.

Til hvers er það?

Gerum strik sem umlykur hjólin.




Hvað vantar núna á vélsleðann?

Svar: Framrúðu og stýri.

Til hvers er glugginn?

Drögum skástrik upp frá mælaborði.




Loks gerum við stýrið:

Drögum lítið skástrik upp frá mælaborði og setjum

örlítið skástrik á endann á því.

Til hvers er stýrið?



Ath! Á hverri síðu er:

- Hugtaksspurning
- Hugmyndir að samfélagsspurningum
- Spurningar fyrir rökhugsun
- Hvernig á að púsla saman myndunum
- Vinnuferli

Persónur

- Embættismaður
- Lína langsokkur

Farartæki

- Vélsleði
- Rúta
- Seglskúta
- Flutningaskip
- Þyrla

Dýr

- Ljón
- Api
- Gíraffi
- Kanína
- Gæs

Byggingar

- Mylla
- Verksmiðja

Jólapakki


- Jólasveinn
- Engill

Ótilgreint

- Snjókarl
- Bangsi
- Barnavagn
- Rúm
- Þvottavél

EMBÆTTISMAÐUR

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Skipstjóri

Flugstjóri

Sjúkraflutningamaður

Lögregluþjónn

Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:*

Hvað er skipstjóri? Er hann farartæki, manneskja eða jurt?

Samfélagsspurningum:

Hvað gera skipstjórar?

Hvernig verða menn skipstjórar?

Rökhugsunarspurningum:

Er ekki allt í lagi að hver sem er fari í einkennisbúning og stjórn skipi?

Af hverju ekki?

Nú þurfum við að púsla skipstjóranum saman og byrjum á:

Húfu (deri og kolli).

Hvað kemur næst?

Haus (andlit með augum, munni, nefi og eyrum).

Hvað kemur næst?

Háls.

Hvað kemur næst?

Jakki (kragi, axlaskraut, tölur, ermar og borðar á ermum), bindi.

Hvað kemur næst?

Hendur.

Hvað kemur næst?

Buxur (skálmar), skór.


Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

* Hér er notast við skipstjóra sem dæmi fyrir hugtaks-, samfélags- og rökhugsunarspurningar. Mjög svipaðar spurningar eru búnar til fyrir hina embættismennina.

LÍNA LANGSOKKUR

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hver er Lína langsokkur? Er hún manneskja, farartæki eða ævintýrapersóna?

Samfélagsspurningum:

Hvernig er Lína langsokkur öðruvísi en aðrar stelpur?

Hvar bý Lína langsokkur?

Með hverjum býr Lína langsokkur?

Rökhugsunarspurningum:

Getur nokkur stelpa orðið svona sterk í alvörunni? Af hverju ekki?

Nú þurfum við að púsla Línu langsokk saman og byrjum á:

Hausi (eyrum, nefi, munni, hári, slaufum, freknum, augum og fléttum).

Hvað kemur næst?

Háls.

Hvað kemur næst?

Handleggir (í ermum),
hendur.

Hvað kemur næst?

Kjóll (hálsmál, ermar, faldur).

Hvað kemur næst?

Fótleggir,
fætur.

Hvað kemur næst?


Sokkar (sokkabönd),
skór (reimar).

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

VÉLSLEÐI

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er vélsleði? Er hann jurt, farartæki eða húsgagn?

Samfélagsspurningu:

Hvar eru vélsleðar notaðir?

Þarf stundum að nota vélsleða? Hvenær? (Slys upp á fjöllum t.d.)

Rökhugsunarspurningum:

Er ekki hægt að nota bíl í staðinn fyrir vélsleða?

Mega krakkar keyra vélsleða? Af hverju ekki?

Nú þurfum við að púsla vélsleðanum saman og byrjum á:

Skrokk (vélarhúsi og sæti).

Hvað kemur næst?

Mælaborð.

Hvað kemur næst?

Framrúða.

Hvað kemur næst?

Belti,
hjól.

Hvað kemur næst?

Stýri.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

RÚTA

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er rúta? Er hún farartæki, dýr eða bygging?

Samfélagsspurningum:

Til hvers eru rútur?

Hvað flytja rútur?

Rökhugsunarspurningum:

Getum við ekki bara hent öllum rútum og strætóum? Af hverju ekki?

Nú þurfum við að púsla rútunni saman og byrjum á:

Veg sem rútan er á.

Hvað kemur næst?

Hjól (dekk og felgur).

Hvað kemur næst?

Botn (gólf).

Hvað kemur næst?

Gluggar (hurðargluggi, framgluggi og farþegagluggar).

Hvað kemur næst?

Hurð,
hurðarhúnn.

Hvað kemur næst?

Ljós (framljós og afturljós).

Hvað kemur næst?


Stuðarar.

Vinnuferli:

Brjótíð blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótíð neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna neðarlega á myndfleti.

SEGLSKÚTA

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er seglskúta? Er hún farartæki, bygging eða ávöxtur?

Samfélagsspurningum:

Hvenær urðu menn að nota seglskútur til að sigla á sjónum?

Til hvers eru seglin?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju notum við ekki lengur segl á skipin okkar?

Nú þurfum við að púsla seglskútunni saman og byrjum á:

Sjó.

Hvað kemur næst?

Skrokkur (stefni, skutur og borðstokkur)

Hvað kemur næst?

Rá,
segl.

Hvað kemur næst?


Flagg.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna neðarlega á myndfleti.

FLUTNINGASKIP

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er flutningaskip? Er það farartæki, bygging eða jurt?

Samfélagsspurningum:

Hvað flytur flutningaskip?

Af hverju verðum við að nota flutningaskip á Íslandi?

Rökhugsunarspurningu:

Verða Íslendingar að eiga flutningaskip? Af hverju?

Nú þurfum við að púsla flutningaskipinu saman og byrjum á:

Sjó.

Hvað kemur næst?

Skrokkur (stefni, skutur og borðstokkur).

Hvað kemur næst?

Brú,
gluggi í brú.

Hvað kemur næst?


Gámar (framhlið, afturhlið, botn og toppur).

Vinnuferli:

Brjótíð blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótíð neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna neðarlega á myndfleti.

ÞYRLA

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er þýrla? Er hún manneskja, farartæki eða húsgagn?

Samfélagsspurningum:

Hvað getur þýrla sem flugvél getur ekki? (Stoppað í loftinu, farið beint upp og beint niður.)

Til hvers eru þýrlur notaðar? (Sjúkraflutningar – slys – flytja t.d. hús upp á fjöll – lögregluvakt – björgunarstörf.)

Rökhugsunarspurningu:

Mega allir stjórna þýrlu?

Nú þurfum við að púsla þýrlunni saman og byrjum á:

Flugstjórnarklefa (hurð, glugga og snerli).

Hvað kemur næst?

Stél.

Hvað kemur næst?

Spaði (aðalspaði og stélspaði).

Hvað kemur næst?


Skíði.

Vinnuferli:

Brjótíð blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótíð neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

LJÓN

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er ljón? Er það manneskja, farartæki eða dýr?

Samfélagsspurningum:

Hvar lifa ljón?

Hver er munurinn á haus kvenljóns og karlljóns?

Á hverju lifa ljón?

Hvernig eru ljón á litinn?

Rökhugsunarspurningum:

Er ekki allt í lagi að sleppa ljóni lausu niðri í bæ? Af hverju ekki?

Nú þurfum við að púsla ljóninu saman og byrjum á:

Haus (trýni, eyrum, augum, veiðihárum og munni),
makka,

Hvað kemur næst?

Búkur (bringa, magi, bak og rass).

Hvað kemur næst?

Fætur (framfætur og afturfætur).

Hvað kemur næst?


Rófa (halahár).

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

API

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er api? Er hann manneskja, hlutur eða dýr?

Samfélagsspurningum:

Hvar lifa apar? (T.d. í Afríku og Asíu.)

Á hverju lifir hann?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju lifa apar ekki á Íslandi?

Nú þurfum við að púsla apanum saman og byrjum á:

Haus (augum, munni, trýni, nösum og eyrum).

Hvað kemur næst?

Bolur (bringa, magi með nafla, bak og rass).

Hvað kemur næst?

Armar.

Hvað kemur næst?


Fótleggir,
fætur.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

GÍRAFFI

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er gíraffi? Er hann farartæki, dýr eða ávöxtur?

Samfélagsspurningum:

Hvar lifir gíraffi?

Hvað borðar gíraffi?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju eru ekki gíraffar á Íslandi?

Nú þurfum við að púsla gíraffanum saman og byrjum á:

Haus (auga, nös, eyra, horni og munni*).

Hvað kemur næst?

Langur hál.

Hvað kemur næst?

Búkur (bringa, magi, bak og rass).

Hvað kemur næst?

Hali (halahár).

Hvað kemur næst?

Fætur (framfætur og afturfætur),
klaufir.


Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

* Við teiknum einungis eitt auga, eyra, horn og nös vegna þess að við sjáum gíraffann frá hlið.

KANÍNA

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er kanína? Er hún manneskja, dýr eða jurt?

Samfélagsspurningum:

Hvar lifir kanínan? Ofan í jörðinni? Ofan á jörðinni? Uppi í trjánum?

Á hverju lifir kanína?

Rökhugsunarspurningar:

Geta kanínur lifað villtar á Íslandi? Af hverju?

Nú þurfum við að púsla kanínunni saman og byrjum á:

Haus (eyrum, veiðihárum, augum og tönnum).

Hvað kemur næst?

Búkur (bringa, magi, bak og rass).

Hvað kemur næst?

Fætur (framfætur og afturfætur),
klær.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

GÆS

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik

Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er gæs? Er hún dýr, farartæki, eða leikfang?

Samfélagsspurningum:

Hvaða gagn getum við haft af gæsinni?

Hvað heitir karldýr, kvendýr og afkvæmi?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju er gæsum illa við hrafna?

Nú þurfum við að púsla gæsinni saman og byrjum á:

Haus (augum og goggi).

Hvað kemur næst?

Háls.

Hvað kemur næst?

Búkur (bringa, magi, bak og rass).

Hvað kemur næst?


Vængir.

Hvað kemur næst?

Fótleggir,
fætur.


Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.



MYLLA

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er mylla? Er hún bygging, húsgagn eða farartæki?

Samfélagsspurningum:

Til hvers eru spaðarnir á myllunni?

Hvað er gert í myllum?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju eru ekki myllur á Íslandi?

Nú þurfum við að púsla myllunni saman og byrjum á:

Þaki.

Hvað kemur næst?

Spaðar.

Hvað kemur næst?

Veggir.

Hvað kemur næst?

Hurð.

Hvað kemur næst?


Grunnur.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

VERKSMIÐJA

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er verksmiðja? Er hún dýr, bygging eða húsgagn?

Samfélagsspurningum:

Hvað er gert í verksmiðjum?

Af hverju getur margt fólk unnið í verksmiðjum?

Rökhugsunarspurningum:

Mega krakkar ekki leika sér í verksmiðjum? Af hverju ekki?

Nú þurfum við að púsla verksmiðjunni saman og byrjum á:

Húsi (veggjum og þaki).

Hvað kemur næst?

Skorsteinar,
reykur.

Hvað kemur næst?

Gluggar.

Hvað kemur næst?

Hurð,
Snerill.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

JÓLASVEINN

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er jólasveinn? Er hann farartæki, manneskja eða fyrirbæri?

Samfélagsspurningum:

Hvað heita íslensku jólasveinarnir?

Hvernig eru þeir öðruvísi en aðrir jólasveinar?

Rökhugsunarspurningu:

Hvernig prakkarar eru íslensku jólasveinarnir?

Nú þurfum við að púsla jólasveininum saman og byrjum á:

Haus (vöngum, nafi, augum, augasteinum, munni og skeggi).

Hvað kemur næst?

Húfa (með dúski).

Hvað kemur næst?

Ermar (með handleggjum í),
hendur (í vettlingum).

Hvað kemur næst?

Jakki (ermar og bolur).

Hvað kemur næst?

Belti.

Hvað kemur næst?

Skálmar (með fótleggjum í),
fótleggir,
fætur í skóm.

Hvað kemur næst?


Poki.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

ENGILL

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er engill? Er hann manneskja, vera eða jurt?

Samfélagsspurningum:

Hvernig líta englar út?

Hvað gera englar?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju getum við ekki séð englana?

Nú þurfum við að púsla englinum saman og byrjum á:

Haus (augum, eyrum, nafi, munni og hári).

Hvað kemur næst?

Kyrtill (bolur á kyrtli, ermar á kyrtli).

Hvað kemur næst?

Hendur.

Hvað kemur næst?

Vængir.

Hvað kemur næst?

Geislabaugur.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

SNJÓKARL

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er snjókarl? Er hann manneskja, fyrirbæri eða farartæki?

Samfélagsspurningu:

Hvað eru margir snjóboltar í snjókarli yfirleitt?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju er ekki hægt að búa til snjókarla alls staðar í heiminum?

Hvað gerir sólin við snjókarla?

Nú þurfum við að púsla snjókarlinum saman og byrjum á:

Tveimur neðri hringjunum.

Hvað kemur næst?

Haushringur (augu, nef, munnur).

Hvað kemur næst?

Hattur,

Hvað kemur næst?


Kústur.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

BANGSI (BJÖRN)

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er bangsi? Er hann leikfang, húsgagn eða farartæki?

Samfélagsspurningum:

Má setja alla bangsa í þvottavél?

Úr hverju eru bangsar búnir til?

Rökhugsunarspurningu:

Er allt í lagi að leika sér með lifandi björn, alveg eins og leikfangabangsa?

Nú þurfum við að púsla bangsanum saman og byrjum á:

Haus (augu, eyrum, nefi og munni),

Hvað kemur næst?

Búkur (bringa, magi, bak og rass).

Hvað kemur næst?


Fætur,
klær.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.

BARNAVAGN

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er barnavagn? Er hann húsgagn, ávöxtur eða hlutur?

Samfélagsspurningum:

Til hvers er barnavagn?

Hvað eru mörg hjól undir barnavagni?

Rökhugsunarspurningu:

Af hverju þurfa lítil börn barnavagn?

Nú þurfum við að púsla barnavagninum saman og byrjum á:

Hjólum.

Hvað kemur næst?

Kassi.

Hvað kemur næst?

Skermur.

Hvað kemur næst?

Stell.

Hvað kemur næst?


Handfang.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

RÚM

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugmyndir að:

Hugtaksspurningum:

Hvað er rúm? Er það húsgagn, ávöxtur eða dýr?

Samfélagsspurningum:

Til hvers er rúm?

Hvað eru margir fætur undir rúmi?

Hvers vegna er betra að sofa í góðu rúmi?

Rökhugsunarspurningu:

Eiga allir rúm?

Nú þurfum við að púsla rúminu saman og byrjum á:

Sæng.

Hvað kemur næst?

Koddi.

Hvað kemur næst?

Dýna.

Hvað kemur næst?

Rúmstokkur.

Hvað kemur næst?


Rúmgafnar.

Vinnuferli:

Brjótíð blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótíð neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna á miðjum myndfleti.

ÞVOTTAVÉL

Munið að taka teikniferlið fyrir strik fyrir strik



Hugtaksspurningum:

Hvað er þvottavél? Er hún húsgagn, tæki eða ávöxtur?

Samfélagsspurningum:

Til hvers er þvottavélin?

Hvað má þvo í þvottavél og hvað ekki?

Rökhugsunarspurningum:

Má þvo hunda og ketti í þvottavélum? Af hverju ekki?

Nú þurfum við að púsla þvottavélinni saman og byrjum á:

Aðalhólfi með tromlu.

Hvað kemur næst?

Takkaborð.

Hvað kemur næst?

Sápuhólf.

Hvað kemur næst?


Sökkull.

Vinnuferli:

Brjótið blaðið í tvennt. Þá fæst myndflötur. Brjótið neðri helminginn aftur í tvennt. Þá fæst lína til að skrifa á. Byrjum teikninguna ofarlega á myndfleti.


*Hestur teiknaður í fyrsta tíma
af 7 ára dreng með málröskun.*

1.



Frjáls teikning.


2.



*Teiknað eftir aðferðinni
„Málörvun – strik fyrir strik“.*


*Hestur teiknaður í fyrsta tíma
af 9 ára dreng með málröskun.*

1.




Frjáls teikning.

2.



*Teiknað eftir aðferðinni
„Málörvun – strik fyrir strik“.*

Myndir eftir 12 ára þroskahamlaðan dreng.



*Í fyrsta skiptið,
var hann beðinn um að
teikna manneskju
Úr varð „magi“.*



*Eftir tveggja mánaða
þjálfun með aðferðinni
„Málörvun – strik fyrir strik“.
Manneskja teiknuð frjálst.
Hann mundi allt nema
ekki nef, augasteina,
lófa og fingur.*



*Mynd eftir 14 ára einstakling með Down Syndrome
teiknuð með aðferðinni strik fyrir strik.*



*Mynd eftir 10 ára einhverfan
einstakling eftir ca. 14 skipti
með aðferðinni
„Málörvun – strik fyrir strik“.
Nafnskreytingin er alfarið hans.
Nýtt myndefni var tekið fyrir
í hverjum tíma.*